

Nicolas Walter

I. ÞAÐ SEM ANARKISTAR TRÚA Á

Fyrstu anarkistarnir voru fólk í ensku og frönsku byltingunum á sautjándu og átjándu öld en anarkistaheitið var gefið þeim til háðungar þegar þeir voru taldir aðeins vilja óreiðu eða ringulreiðu. En frá um 1840 voru anarkistar fólk sem tók upp heitið til merkis um það vildi anarkí sem þýddi að vera laus við yfirstjórn. Gríska orðið anarkhia, eins og enska orðið „anarchy,” felur í sér báðar þessar merkingar, fólk sem ekki er anarkistar telur að merking þeirra komi í sama stað niður, en anarkistar eru harðir á því að þetta sé tvennt ólíkt. Í yfir hundrað ár hafa anarkistar verið fólk sem trúir því að lausn undan ríkisstjórn þurfi ekki að þýða óreiðu og ringulreiðu og trúir því meira að segja að samfélag án ríkisstjórnar verði betra en það samfélag sem við lifum í núna.

Í öllum hópum manna koma upp meðvituð viðbrögð gegn yfirvaldi. Anarkismi er pólitísk útfærsla meðvitaðra viðbragða þeirra. Allir þekkja til fólks sem er anarkistar frá náttúrunnar hendi; þeirra sem vilja ekki trúa neinu eða gera neitt sem þeim er skipað að gera, og allir geta gert sér í hugarlund aðstæður þar sem nokkurnveginn allir eru á öðru máli en næsti maður og enginn tekur mark á neinum. Þegar rýnt er í söguna má sjá praktíska hneigð til anarkisma meðal einstaklinga og hópa sem eru í uppreisn gegn þeim sem yfir þeim ráða. Hin fræðilega hugmynd um virkan anarkisma er einnig mjög gömul. Finna má lýsingar á fyrri glæsítímum sem lausir voru við yfirstjórnir í sögum frá Kína til forna og Indlandi, Egyptalandi, Mesópótamíu, Grikklandi og Róm og á sama hátt má finna drauminn um fyrirmyndarríki án ríkisstjórnar í hugmyndum ótal hugsuða, trúarhópa og stjórnmalahópa. En tenging virks anarkisma við aðstæður nútímans kom seinna og það er ekki fyrr en innan anarkistahreyfingar nítjándu aldar sem við rekumst á kröfuna um samfélag án yfirstjórnar, hér og nú.

Aðrir hópar á bæði vinstri og hægri væng stjórnmála segjast vilja losna við ríkisstjórnina, þegar annaðhvort markaðurinn er orðinn svo frjálst að hann þarf ekki frekara eftirlit, eða þegar svo mikið jafnræði hefur skapast meðal manna að ekki verður lengur þörf fyrir að hafa á þeim bönd, en aðferðirnar sem þessir hópar grípa til virðast stöðugt styrkja ríkisstjórnina í sessi. Það eru einungis anarkistarnir sem vilja í raun losna við hana. Þetta þýðir ekki að anarkistar trúu allrahandu rómantískum þvættingi og telji allar manneskjur í eðli sínu góðar, einsleitar eða fullkomnar. Þetta þýðir að anarkistar telja nær allar manneskjur félagslyndar og svipaðar og færar um að lifa eigin lífi og hjálpast að. Margir segja ríkisstjórn vera nauðsynlega vegna þess að fólki sé ekki treystandi til að líta eftir sjálfu sér. Anarkistar spyrja hinsvegar svo: Ef allt fólk er svo slæmt að aðra þurfi til að stjórna því, hvernig getur þá nokkur verið nógu góður til að ráða yfir öðrum? Vald virðist spilla og óskorað vald spillir algerlega. Um leið er auður jarðar afurð verka alls mannkyns og hver manneskja hefur jafnan rétt til þátttöku í því starfi og til að njóta afurðanna. Anarkismi er hugsjón sem gerir kröfu um bæði algert frelsi og algert jafnrétti.

FRJÁLSLYNDI OG SÓSÍALISMI

Líta má á anarkisma sem þróun út frá annaðhvort frjálsslyndi (libertarianism) eða félagshyggju (sósíalisma) eða frá þessu tvennu. Eins og frjálsslyndir vilja anarkistar frelsi og eins og sósíalistar vilja þeir jafnrétti. En við sættum okkur ekki við frjálshyggjuna útaf fyrir sig eða sósíalismann út af fyrir sig. Frelsi án jafnréttis þýðir að fátækir og sjúkir njóta minna frelsis en hin ríku og vel settu og jafnrétti án frelsis þýðir að við erum öll í þrældómi saman. Frelsi og jafnrétti stangast ekki á heldur bæta hvort annað upp. Í stað hinnar gömlu gagnstæðusetningar

frelsis og jafnréttis, þegar okkur er sagt að aukið frelsi þýði minna jafnrétti og að meira jafnrétti þýði minna frelsi, benda anarkistar á að í raun er ekki hægt að njóta annars án hins. Frelsi er ekki raunverulegt ef sumir eru of fátækir eða illa staddir til að njóta þess og jafnrétti er ekki raunverulegt ef sumum er stjórnað af öðrum. Úrslitaframlag anarkista til stjórnmalakeninga er þessi áttun; að frelsi og jafnrétti er í raun það sama.

Anarkismi sker sig einnig frá bæði frjálsslyndi og félagshyggju með öðru viðhorfi til framþróunar. Frjálsslyndir sjá söguna sem línulega þróun frá villimennsku, hjátrú, þröngsýni og harðstjórn til siðmenningar, upplýsingar, vísýni og frelsunar. Það gengur á með framför og afturhaldi inn á milli, en hin raunverulega framþróun mannkyns leiðir frá slæmri fortíð til góðrar framtíðar. Félagshyggjufólk sér söguna sem rökrétta framþróun frá villimennsku gegnum harðstjórn, lénsskipulag og kapitalisma, til sigurs verkalýðsins og afnáms stéttaskiptingar. Það gengur á með byltingum og því að þær eru brotnar á bak aftur en hin raunverulega framþróun mannkyns er einnig hér frá slæmri fortíð til góðrar framtíðar.

Anarkistar sjá framþróun mjög svo öðruvísi, raunar sjá þeir oft alls enga framþróun. Við sjáum söguna ekki sem línulega eða rökrétta framför í eina átt, heldur sem tvíþætt ferli. Saga samfélags manna er saga baráttu milli þeirra sem ráða og þeirra sem ráðið er yfir, milli þeirra sem hafa fullar hendur og þeirra sem ekkert hafa, milli þess fólks sem vill ríkja og láta yfir sér ríkja og fólksins sem vill frelsa sig og sitt fólk; lögmál yfirvalds og frelsis, ríkisstjórnar og byltingar, ríkis og samfélags eru varanlega gagnstæð. Þessar ýfingar hætta aldrei, hreyfing samfélags manna almennt eða einhvers tiltekens samfélags er í eina átt á einum tíma og í aðra átt á öðrum. Uppgangur nýs stjórnskipulags eða hrun einhvers eldra er ekki dularfullt uppbrot í þróuninni eða einhver jafnvel enn dularfyllri þáttur hennar, heldur nákvæmlega það sem það lítur út fyrir að vera. Sögulegar uppákomur eru velkomnar svo framarlega sem þær auka frelsi og jafnrétti fyrir fólk almennt. Engin dulin ástæða er til þess að kalla góðan viðburð slæman vegna þess að hann sé óhjákvæmilegur. Við getum ekki haft uppi neina spádóma að gagni um framtíðina og við getum ekki verið viss um að heimurinn verði betri. Okkar eina von er að með aukinni þekkingu og auknu innsæi, verði fólk frekar meðvitað um að það getur lifað lífi sínu án þess að hafa nokkra þörf fyrir yfirvald.

Samt sem áður sprettur anarkismi af frjálsslyndi og félagshyggju bæði sögulega og fræðilega. Frjálsslyndi og sósíalismi voru til á undan anarkisma og anarkisminn spratt upp þar sem þetta tvennt bætti hvort annað upp og þar sem það stangaðist á. Enn byrja flestir anarkistar sem annaðhvort frjálsslyndir eða sósíalistar eða bæði. Uppreisnarandinn fæðist sjaldan fullvaxta og yfirleitt vex hann inn í anarkisma frekar en innan anarkisma. Segja má að anarkistar verði alltaf frjálsslyndir og alltaf sósíalískir og í hvert skipti sem þeir afneita því sem er gott í öðru hvoru, svíki þeir anarkismann sjálfan. Á einn veg treystum við á málfrelsi og frelsi til funda, ferða, hegðunar og sérlega þó á frelsi til andstæðra skoðana, á hinn veginn trúum við á jafnrétti til eignarhalds, á samstöðu manna, hagnýti samvinnu og sérstaklega á dreifingu valds. Við erum frjálsslynd en aðeins umfram það og sósíalistar en aðeins umfram það.

Samt er anarkismi ekki bara blanda af frjálsslyndi og félagshyggju, þ.e. því félagslega lýðræði eða velferðarkapitalisma sem er ríkjandi í þessu landi. Hvað svo sem við eigum inni hjá þeim og hversu nálæg sem við erum frjálsslyndum og sósíalístum, þá skilur á milli okkar og þeirra, og sósíaldemókrata, í grundvallaratriðum þegar við afneitum þeirri stofnun sem ríkisstjórn er. Bæði frjálsslyndir og jafnaðarmenn treysta á ríkisstjórn. Frjálsslyndir að því er virðist til að viðhalda frelsi en í raun til að koma í veg fyrir jafnræði, sósíalistar að því er virðist til að viðhalda jafnræði en í raun til að hindra frelsið. Jafnvel þau framsæknustu meðal frjálsslyndra og sósíalista geta ekki verið án ríkisstjórnar og ríkisstjórn er ekkert annað en að sumt fólk

níðist á öðru fólki með valdbeitingu. Kjarni anarkismans er afneitun þess að nokkur hafi vald yfir öðrum, án þess kjarna er anarkisminn ekki neitt.

LÝÐRÆÐI OG FULLTRÚAR

Margir standa gegn ólýðræðislegri ríkisstjórn, en anarkistar eru frábrugðnir þeim því þeir standa einnig gegn lýðræðislegri ríkisstjórn. Sumir aðrir hópar standa líka gegn lýðræðislegri ríkisstjórn en anarkistar eru einnig frábrugðnir þeim, ekki vegna þess að þeir óttist eða hati stjórnun fólksins heldur af því að þeir sjá lýðræði ekki sem stjórnun fólksins heldur sem rökleydda mótsögn. Raunverulegt lýðræði er einungis framkvæmanlegt í litlu samfélagi þar sem allir geta tekið þátt í hverri ákvörðun og þá er það ónauðsynlegt um leið. Það sem er kallað lýðræði og á að heita ríkisstjórn fólksins fyrir fólkið er raunar ríkisstjórn fólksins fyrir kosna ráðamenn og ætti frekar að kallast „samþykkt fámennisstjórn.“

Ríkisstjórn skipuð ráðamönnum sem við höfum valið er frábrugðin og yfirleitt betri en ríkisstjórn skipuð ráðamönnum sem hafa valið sig sjálfa, en hún snýst samt um vald yfir öðrum. Ríkisstjórn, sama hversu lýðræðislega sinnuð hún er, er háð því að einhver láti einhvern annan gera eitthvað eða hindri einhvern í að gera eitthvað. Líka þegar okkur er stjórnað af fulltrúum okkar er verið að stjórna okkur og um leið og þeir fara að stjórna okkur gegn okkar vilja eru þeir ekki lengur okkar fulltrúar. Flest fólk er nú sammála því að við höfum engum skyldum að gegna við ríkisstjórn sem við höfum ekki kosið, anarkistar ganga lengra og segja okkur hafa engum skyldum að gegna við ríkisstjórn sem við höfum kosið. Við kannski lútum henni vegna þess að við erum sammála henni eða vegna þess að við erum ekki í aðstöðu til að óhlýðnast, en okkur ber engin skylda til að hlýða þegar við erum henni ósammála og er stætt á að óhlýðnast. Flest okkar eru á því að þau sem breytingar koma við ættu að vera spurð áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar; anarkistar ganga lengra og krefjast þess að þau ættu sjálf að taka ákvarðanirnar og ganga eftir því að koma þeim í framkvæmd.

Þannig að anarkistar hafna hugmyndum um félagslegan samning og fulltrúakerfi. Eflaust munu flestir hlutir alltaf verða framkvæmdir af fáum; þeim sem hafa áhuga á ákveðnu vandamáli og eru fær um að leysa það, en þess gerist ekki þörf að þau séu valin eða kosin. Þau munu hvort eð er alltaf skjóta upp kollinum og það er betra að það eigi sér stað náttúrulega. Málið er að leiðtogar og sérfræðingar þurfa ekki að vera ráðamenn. Leiðtogahæfileikar og sérfræðikunnátta eru ekki endilega tengd valdi. Einu raunverulegu fulltrúarnir eru staðgenglar eða þeir skipaðir sem hafa skyldum að gegna gagnvart þeim sem senda þá og eru stöðugt afturkallanlegir. Á vissan hátt er stjórnandinn sem segir sig vera fulltrúa fólksins verri en stjórnandinn sem er blátt áfram harðstjóri, því að erfiðara er að kljást við valdniðslu sé henni pakkað inn í falleg orð og sértæk rök. Sú staðreynd að við getum kosið þá sem ráða yfir okkur á fjögurra ára fresti þýðir ekki að við verðum að hlýða þeim það sem eftir er kjörtímabilsins. Ef við gerum það, er það af hagnýtum ástæðum, ekki siðferðilegum. Anarkistar eru á móti ríkisstjórn, hvernig svo sem hún er uppbyggð eða rökstudd.

RÍKI OG STÉTT

Anarkistar hafa í baráttu sinni gegn yfirvaldi beint spjótum sínum að ríkinu, þ.e. þeirri stofnun sem gerir tilkall til einræðisvalds á tilteknu svæði. Þetta kemur til af því að ríkið er fyrirferðarmesta dæmið um yfirvald í samfélagi auk þess sem það veitir vald og stýrir því innan samfélagsins. Þar að auki hafa anarkistar einnig staðið gegn öllum gerðum ríkja, ekki einungis hinni greinilegu harðstjórn kónigs, einræðisherra eða herforingja, heldur og tilbrigðum eins og upplýstri einvaldsstjórn, framsæknu krúnuveldi, lénsskipulögðu fáræði eða

viðskiptafáræði, þingræði, sovétkommúnisma o.s.frv. Anarkistar hafa jafnvel látið hafa eftir sér að öll ríki séu af sama meiði og valmöguleikar þeirra á milli séu engir.

Þetta er ofureinföldun. Öll ríki eru sannarlega byggð á valdi en sum eru sannarlega valdagírugri en önnur og allt eðlilegt fólk myndi frekar vilja lifa undir því sem er minna valdagírugt en hitt. Til að benda á einfalt dæmi, þá hefði ekki verið hægt að gefa út þessa anarkistayfirlýsingu í mörgum ríkjum fyrri tíma og enn í dag væri ekki hægt að gefa hana út í mörgum ríkjum bæði hægrisinnuðum og vinstrisinnuðum, hvort sem er í austri eða vestri, norðri eða suðri. Ég myndi frekar vilja eiga heima þar sem hægt er að gefa hana út og sama má segja um flesta lesendur mína.

Fáir anarkistar hafa enn svo einfeldningsleg viðhorf gagnvart afstæðum hlut eins og „ríkinu“ og anarkistar einbeita sér ekki að árásum á ríkisstjórnina og þær stofnanir sem af henni spretta, einungis vegna þess að þetta er hluti af ríkinu heldur einnig vegna þess að þær eru öfgakennd dæmi um beitingu valds í samfélaginu. Við sjáum ríkið sem andstætt samfélaginu, en við lítum ekki lengur á það sem utanaðkomandi í samfélagi. Við lítum á það sem hluta þess eða náttúrulegan vöxt. Vald er eðlileg hegðun, alveg eins og árásarhneigð en það er hegðun sem bæði er hægt og ætti að stjórna og þroskast burt frá. Það verður ekki gert með því að binda það í stofnanir heldur einungis með því að finna leiðir til að komast af án þess.

Anarkistar andmæla þeim ríkisstofnunum sem greinilega kúga; embættismönnum, löggjöfum, lögreglu, lögréttu, fangelsum, her o.s.frv. og einnig þeim sem virðast góðkynja; samfélagsþáttum á opinberum styrkjum og sveitarstjórnnum, bönkum og tryggingafélögum, skólum og háskólum, dagblöðum, útvarpi, öðrum ríkismiðlum og öllu hinu. Allir geta séð að hið fyrrnefnda er ekki byggt á samþykki heldur á hlýðni og þegar upp er staðið, á þvingun. Anarkistar leggja áherslu á að það síðarnefnda stýrir einnig með járnhnefa, jafnvel þó að hann sé klæddur flauelshanska.

Samt sem áður, sé gengið út frá því að þær stofnanir sem stafa beint eða óbeint af ríkinu séu bara slæmar, er ekki hægt að skilja þær. Þær geta haft góðar hliðar, á tvo vegu. Þær eru gagnlegar á neikvæðan hátt þegar þær standa gegn valdapotí annara stofnana, svo sem illskeyttum foreldrum, gráðugum leigusölum, yfirmönnum með yfirgang og ofbeldisglæpamönnum og þær gagnast á jákvæðan hátt þegar þær fylgja eftir æskilegri félagslegri hegðun eins og félagsþjónustu, áfallahjálpi, samskipta- og flutningakerfum, menningu og listum, heilbrigðisþjónustu, ellilífeyri, fátækrahjálpi, menntun og fjölmiðlum. Þannig að við höfum frjálslýnda ríkið og velferðarríkið; ríkið sem ýtir undir frelsi og ríkið sem bætir mannréttindi.

Fyrsta svar anarkista við þessu er að í grundvallaratriðum höfum við ríki sem er kúgandi; helsta hlutverk ríkisins er að halda fólkinu niðri, að takmarka frelsið. Öll jákvæð hlutverk ríkisins er hægt að útfæra og þau hafa oft verið útfærð með samvinnu sjálfviljugra hópa. Í þessu tilviki er líkt farið með ríkið og kirkjuna á miðöldum. Á miðöldum var kirkjan hluti af öllum helstu félagslegum athöfnum og ótrúlegt þótti að þessar athafnir væru mögulegar án hennar. Einungis kirkjan mátti skíra, gifta og grafa fólk og það þurfti átak til að átta sig á því að reyndar stjórnaði kirkjan ekki fæðingum, ást og dauða. Hver einasta almenn athöfn þurfti opinbera blessun kirkjunnar. Almennungur þurfti að læra að athöfnin var alveg jafn áhrifarík án þessarar blessunar og þetta er víða þannig ennþá. Kirkjan skipti sér af og stjórnaði oft þeim hliðum lífsins og samfélagsins sem í dag er stjórnað af ríkinu. Fólki hefur tekist að átta sig á að afskipti kirkjunnar eru óþörf og jafnvel skaðleg. Það sem nú þarf að læra er að yfirráð

ríkisins eru jafn óþörf og skaðleg. Við þurfum á ríkinu að halda einungis jafnlengi og við teljum svo vera og allt sem það gerir má gera jafn vel og betur án heimildar yfirvaldsins.

Seinna svar anarkista er að helsta hlutverk ríkisins er að viðhalda því ójafnræði sem er til staðar. Fáir anarkistar eru sammála Marxistum um að grunnþáttur samfélags sé stéttin, en flestir eru sammála um að ríkið sé pólitísk útfærsla efnahagslegrar uppbyggingar. Þannig sé það fulltrúi þeirra sem eiga eða stjórna auði samfélagsins og kúgi þá sem vinna verkin og skapa auðinn. Ríkið er ófært um að dreifa auðnum jafnt þar sem það er helsti miðill ójafnrar dreifingar. Anarkistar eru sammála Marxistum að núverandi kerfi verði að eyðileggja, en þeir eru ósammála því að kerfi framtíðarinnar sé hægt að koma á með ríkinu í annara höndum. Ríkið er orsök sem og afleiðing stéttaskiptingar og stéttlaust samfélag sem komið er á af ríkinu mun fljótt verða stéttskipt samfélag aftur. Ríkið mun ekki visna og eyðast, það verður að afnema með því að fólkið taki völdin af ráðamönnum og auðinn af þeim ríku. Þetta tvennt tengist og annað án hins mun alltaf enda með ósköpum. Anarkí í sínum besta skilningi þýðir samfélag án bæði valdamikils og auðugs fólks.

SKIPULAG OG SKRIFRÆÐI

Þetta þýðir ekki að anarkismi afneiti skipulagi, þó að þar liggja helstu ranghugmyndir meðal manna um anarkisma. Fólk getur sætt sig við að anarkí þurfi ekki að þýða bara óreiðu og ringulreiðu og að anarkistar vilji ekki óskipulag heldur skipulag án yfirstjórnar, en það er sannfært um að anarkí þýði skipulag sem sprettur upp af sjálfsdáðun og að anarkistar vilji ekki skipulagningu. Þetta er fjarri sannleikanum. Anarkistar vilja í raun miklu meiri skipulagningu, en skipulagningu án valdníðslu. Ranghugmyndirnar um anarkisma koma til af ranghugmyndum um skipulagningu, fólk á erfitt með að sjá að skipulagning er ekki háð valdi og að í rauninni gengur hún betur án yfirvalds.

Ef við hugsum málið í smástund sjáum við að þegar þvingun er hafnað og samráð kemur í staðinn eykst öll umræða og áætlanagerð í stað þess að minnka. Allir sem koma að ákvarðanatöku verða í aðstöðu til að taka þátt í henni og enginn getur látið verkin í hendur launaðra embættismanna eða kjörinna fulltrúa. Ef engar reglur eru til að fara eftir eða fordæmi að fylgja, verður að taka hverja ákvörðun upp á nýtt. Ef engir eru ráðamenn til að hlýða eða leiðtogar til að fylgja, munum við öll taka eigin ákvarðanir. Til að halda öllu þessu gangandi mun fjöldi og fjölbreytni tengsla milli einstaklinga aukast, ekki minnka. Vera má að þessháttar skipulagning verði óskýr og skili minni afköstum, en hún kemst miklu nær þörfum og tilfinningum þeirra sem málið varðar. Ef einhverju er ekki hægt að koma í verk án gömlu skipulagningarinnar; með valdapotí og þvingun, er hæpið að það sé þess virði og við værum því betur komin án þess.

Anarkistar hafna því að binda skipulagningu við stofnanir, eins og þegar komið er á fót sérstökum hópi manna og kvenna sem hefur það hlutverk að skipuleggja annað fólk. Skipulagning á anarkískum nótum yrði flæðandi og opin. Um leið og skipulagning stífnar og lokast, lendir hún í höndum skrifræðis, verður handbendi sértækrar stéttar og fer að túlka yfirvald í stað þess að samræma þætti í samfélaginu. Hver hópur hneigist alltaf til þess að fáir ráði og hvert kerfi hneigist til skrifræðis; yfirráða sérfræðinganna. Anarkistar verða alltaf að berjast gegn þessum tilhneigingum í framtíðinni eins og í dag, sín á milli og milli annarra.

EIGNARHALD

Anarkistar afneita ekki heldur eignarhaldi þó að við höfum á það sérkennilegt sjónarhorn. Í einum skilningi orðsins er eignarhald þjófnæður, þ.e. yfirtaka einhvers af einhverjum er að synja öllum öðrum um það. Þetta þýðir ekki að séum öll kommúnistar. Þetta þýðir að réttur tiltekins einstaklings til einhvers ákveðins hlutar er ekki háður því hvort að viðkomandi einstaklingur skapaði hlutinn, fann hann, keypti hann, var gefinn hann, er að nota hann, vill fá hann eða hefur lagalegan rétt til hans, heldur hvort þessi einstaklingur hafi þörf fyrir hann, og til að herða áhersluna, hvort þessi einstaklingur þarfnist hans meira en einhver annar. Þetta er ekki spurning um afstætt réttlæti eða náttúrulögmál, heldur samstöðu meðal manna og hreina og beina skynsemi. Hafi ég brauðhleif og þú ert svangur er hann þinn, ekki minn. Hafi ég yfirhöfn og þér er kalt, tilheyrir hún þér. Hafi ég hús og þú ekki, hefur þú rétt til að nota í það minnsta eitt af mínum herbergjum. En í öðrum skilningi orðsins er eignarhald frelsi, þ.e. að geta í einkalífi sínu notið hluta og lausafjár í mátulegu magni, er nauðsynlegt lífsgæðum einstaklingsins.

Anarkistar eru fylgjandi einkaeign sem ekki er hægt að nýta af einum til að misnota annan, eins og þær persónulegu eigur sem við sönkum að okkur frá barnæsku og verða hluti af lífi okkar. Það sem við erum á móti eru þær almenningseignir sem einungis er hægt að nota til að féfletta fólk; jarðnæði og byggingar, framleiðslu- og dreifingartæki, hráefni og unnar vörur, peningar og höfuðstólar. Grundvallaratriðið er nánast að fólk hafi rétt til þess sem það framleiðir með eigin vinnu en ekki þess sem það fær útúr vinnu annara. Fólk hefur rétt til þess sem það þarfnast og notar en ekki til þess sem það þarfnast ekki og getur ekki notað. Um leið og sumir hafa meira en nóg fer það annaðhvort til spillis eða kemur í veg fyrir að aðrir hafi nóg. Þetta þýðir að ríkt fólk hefur engan rétt til eigna sinna vegna þess að það er ekki ríkt vegna eigin vinnu heldur vegna þess að fjöldi fólks vinnur fyrir það. Fátækt fólk hefur rétt til eigna ríka fólksins þar sem fátæktin stafar ekki af því að það vinnur lítið heldur af því að það vinnur fyrir aðra. Raunar er vinnutími fátækra yfirleitt miklu lengri og vinna þeirra fer fram við verri aðstæður en efnaðra. Enginn hefur nokkru sinni orðið ríkur eða haldist ríkur með eigin vinnu heldur einungis með því að misnota vinnu annara. Vera má að við höfum hús og landskíka, eigin verkfæri og búum við góða heilsu alla ævi og við leggjum eins hart að okkur og við getum eins lengi og stætt er. Við leggjum til nóg fyrir fjölskyldu okkar en ekki mikið meira og jafnvel þá sjáum við ekki sjálfum okkur raunverulega farborða því við treystum á aðra til að leggja til sumt af því sem við þurfum og þiggja eitthvað af okkar framleiðslu í staðinn.

Almenningseign er ekki bara spurning um eignarrétt, heldur einnig um stjórnun. Það er ekki nauðsynlegt að vera eignamaður til geta misnotað aðra. Ríkt fólk hefur alltaf notað aðra til að sjá um eignir sínar og nú, þegar nafnlaus samsteypufyrirtæki og ríkisfyrirtæki eru að koma í stað einstaklinga sem eigendur, eru framkvæmdastjórar að verða lykilmenn í að nýta sér vinnu annara. Bæði í þróuðum og vanþróuðum löndum og í ríkjum kapítalista og kommúnista, er það lítill minnihluti íbúanna sem ennþá á, eða á annan hátt stjórnar mestum hluta almenningseigna.

Þrátt fyrir að það líti þannig út þá er þetta ekki hagfræðilegt eða lagalegt vandamál. Það sem skiptir máli er ekki dreifing fjármagns eða ábúðarréttur lands eða skattakerfið eða innheimtuaðferðir eða erfðaréttur, heldur sú grundvallarstaðreynd að sumt fólk lætur sig hafa það að vinna fyrir aðra, alveg eins og sumir hlýða öðrum. Ef við myndum neita að vinna fyrir þau ríku og valdamiklu myndi eignarhaldið hverfa. Á sama hátt og ef við neitum að hlýða ráðamönnum myndi valdniðslan hverfa. Gagnvart anarkistum er eignarhaldið byggt á valdniðslu en ekki á hinn veginn. Málið er ekki hvernig smábændur fódra landeigandann eða

hvernig verkafólk setur peninga í vasa yfirmannsins, heldur hversvegna það gerir það og þetta er pólitískt atriði.

Sumt fólk vill reyna að leysa eignarhaldsvandamálið með því að breyta lögum og ríkisstjórn, annaðhvort með umbótum eða umbyltingum. Anarkistar hafa enga trú á slíkum lausnum, en þeir eru ekki allir sammála um réttu lausnina. Sumir anarkistar vilja dreifingu alls meðal allra svo að við getum öll fengið jafnan hlut í auð heimsins, og „laissez-faire” viðskiptakerfi með gegnsæju bókhaldi til að koma í veg fyrir yfirtengilega auðsöfnun. En flestir anarkistar hafa enga trú á þessari lausn, heldur vilja einnig eignarnám allra almenningsseigna frá þeim sem hafa meira en þau þurfa og að stjórnun verði í höndum samfélagsins í heild, svo að við höfum öll jafnan aðgang að auðlegð heimsins. Að minnsta kosti er samkomulag um að núverandi eignarhaldskerfi þurfi að eyðileggja um leið og núverandi valdakerfi.

GUÐ OG KIRKJA

Anarkistar hafa gegnum tíðina verið guðleysingar og á móti klerkastéttinni. Fyrstu anarkistarnir voru jafn mikið á móti kirkjunni og ríkinu og flestir þeirra hafa verið andstæðir trúarbrögðunum sjálfum. Slagorðið „hvorki guð né herra” hefur oft verið notað til að taka saman inntak anarkismans. Margt fólk er enn að taka fyrstu skref sín til anarkisma með því að gefa upp trú sína og breytast í rökhyggjufólk eða húmanista. Afneitun hins himneska yfirvalds hvetur til afneitunar valds meðal manna. Nær allir anarkistar í dag eru líklega trúleysingar eða efahyggjufólk. En það hafa verið til trúaðir anarkistar þó að þeir hafi yfirleitt verið utan meginhreyfingar anarkista. Skýr dæmi um þetta eru heiðnir söfnuðir sem héldu uppi anarkískum hugmyndum fyrir níttjándu öldina og hópar trúaðra friðarsinna í Evrópu og Norður Ameríku á níttjándu og tuttugustu öld. Sérstaklega má nefna Tolstoy og fylgjendur hans við upphaf tuttugustu aldarinnar og hreyfingu kaþólskra verkamanna í Bandaríkjunum frá 1930.

Dregið hefur heldur úr hinu almenna hatri anarkista á trúarbrögðum eftir því sem veldi kirkjunnar hefur hnignað og flestir anarkistar í dag líta á trú sem persónulegt mál. Þeir myndu standa gegn þvinguðu afnámi trúarbragða en þeir myndu einnig standa gegn þvingaðri endurreisn trúarbragða. Þeir myndu leyfa hverjum sem er að trúa á hvað sem er og gera hvað sem er svo fremi að það hafi einungis áhrif á viðkomandi, en þeir myndu ekki vilja veita kirkjunni meira vald.

Annars er saga trúarbragðanna líkan fyrir sögu ríkisstjórna. Í eina tíð var talið ómögulegt að hafa samfélag án Guðs, nú er Guð dauður. Enn er talið ómögulegt að hafa samfélags án ríkis, nú þurfum við að koma ríkinu fyrir kattarnef.

STRÍÐ OG OFBELDI

Anarkistar hafa alltaf verið andsnúnir stríði en ekki hafa þeir allir verið andsnúnir ofbeldi. Þeir eru á móti her en eru ekki endilega friðarsinnar. Gagnvart anarkista er stríð hin algera birtingarmynd valdniðslu utan samfélags og um leið mikil lyftistöng fyrir valdniðslu innan samfélags. Hið skipulagða ofbeldi og eyðilegging sem á sér stað í stríði eru gífurlega stækkuð mynd af skipulögðu ofbeldi og eyðileggingu ríkisins og stríð er ríkinu heilsubót. Anarkistahreyfingin hefur alltaf staðið gegn stríði og stríðsæsingum. Örfáir anarkistar hafa stutt sum stríð, en það hefur alltaf verið litið á þá sem liðhlaupa af félögum þeirra og þessi algera andstaða við stríð milli þjóða er einn af helstu sameiningarþáttum anarkista.

En anarkistar hafa skilið á milli stríða milli þjóða og borgarastríðs milli stétta. Hreyfing byltingarsinnaðra anarkista á seinni hluta nítjándu aldar hvatti til uppreisnar með ofbeldi til að eyðileggja ríkið og anarkistar hafa verið virkir í mörgum vopnuðum uppreisnum og borgarastríðum, sérstaklega í Rússlandi og á Spáni. Þrátt fyrir að hafa tekið þátt í slíkri baráttu létu þeir ekki glepjast til að halda það eitt í sjálfu sér muna koma á byltingunni. Vera má að ofbeldis sé þörf til að fyrircoma gamla kerfinu, en það er gagnslaust og raunar hættulegt við uppbyggingu nýs kerfis. Her fólksins getur sigrað ráðandi stétt og eytt ríkisstjórn, en hann getur ekki hjálpað fólkinu að skapa frjálst samfélag og það er einskis virði að vinna stríðið ef friður vinnst ekki.

Margir anarkistar hafa reyndar efast um að nokkurt gagn sé að ofbeldi. Eins og ríkið, er það ekki hlutlaust afl þar sem áhrifin fara eftir því hver beitir því og það mun ekki gera rétta hlutinn einungis vegna þess að það er í réttum höndum. Auðvitað er ofbeldi hinna kúguðu ekki ofbeldi kúgarans, en jafnvel þegar það er besta leiðin út úr óþolandi aðstöðu er það bara næstbest. Ofbeldi er einn af ógeðfelldustu þáttum nútímasamfélags og það verður áfram ógeðfellt sama hversu góður tilgangurinn er. Þar að auki leitast það við að eyðileggja tilgang sinn, jafnvel í aðstæðum þar sem það virðist viðeigandi, eins og í byltingu. Reynsla sögunnar bendir til þess að byltingar verði ekki tryggðar með ofbeldi, þvert á móti, því meira ofbeldi, því minni bylting.

Allt þetta getur virst fáránlegt í augum fólks sem ekki er anarkistar. Einn af elstu og lífseigustu fordómum gagnvart anarkisma er að anarkistar séu umfram allt ofbeldismenn. Meira en aldargömul stöðluð ímynd anarkistans með sprengju undir skikkjunni er enn á kreiki. Margir anarkistar hafa nefnilega aðhyllst ofbeldi, sumir hafa reynt launmorð á þekktum andlitum og örfáir hafa jafnvel aðhyllst hryðjuverk gagnvart almenningi til að ýta undir eyðileggingu stjórnkerfis. Anarkisminn á sínar skuggahliðar og tilgangslaust að afneita því. En það er aðeins ein hlið anarkisma og það lítil um sig. Flestir anarkistar hafa ávallt staðið gegn ofbeldi nema þess gerist virkilega þörf, hinu óhjákvæmilega ofbeldi sem á sér stað þegar fólkið hristir af sér ráðamenn og arðræningja, en hafa þó hikað við að fordæma þá fáu anarkista sem hafa gripið til ofbeldis af einlægum hvötum.

Helstu gerendur ofbeldisglæpa hafa verið þeir sem vilja halda völdum, ekki þeir sem ráðast gegn þeim. Mestu morðingjarnir hafa ekki verið þessir grátlegu sprengjumenn í suður Evrópu sem fyrir rúmri öld voru knúnir til verka af örvæntingu heldur þeir sem stjórna hervélum hvers ríkis þessa heims. Enginn anarkisti getur staðið í samkeppni við árásarstríð og atómsprengjuna, enginn einn launmorðingi getur staðið jafnfætis Hitler eða Stalín. Við myndum hvetja verkafólk til að taka yfir verksmiðjur eða hvetja smábændur til að taka landið í sínar hendur og við gætum brotið girðingar eða reist götuvígi en við höfum enga hermenn, engar flugvélar, enga lögreglu, engin fangelsi, engar fangabúðir, engar aftökusveitir, enga gasklefa og enga böðla. Í augum anarkista, er ofbeldi öfgakennt dæmi um valdbeitingu eins aðila gagnvart öðrum, eða hápunktur alls sem við stöndum á móti.

sumum tilfellum hafa anarkistar hneigst til að vera friðarsinnar og friðarsinnar hneigst til anarkisma. Þetta hefur reynst vel fyrir báðar hliðar; anarkistar lært af friðarsinum og friðarsinnar lært af anarkistum. Sumir anarkistar hafa laðast sérstaklega að herskárri friðarbaráttu, eins og hvatt var til af Tolstoy og Gandhi, og beitingu friðsamlegra mótmæla sem tækni við beinar aðgerðir. Margir anarkistar hafa tekið þátt í hreyfingum gegn stríði og hafa stundum haft þýðingarmikil áhrif á þær. En margir anarkistar, jafnvel þeir sem koma náið að málum, telja friðarbaráttuna ætla sér um of með höfnun allra á allskyns ofbeldi við allar aðstæður og of þröngsýna að halda að útrýming ofbeldis út af fyrir sig geti valdið

grundvallarbreytingum í samfélaginu. Þar sem friðarsinnar horfa á yfirvald sem veikari útgáfu ofbeldis sjá anarkistar ofbeldi sem harðari útgáfu af yfirvaldi. Sumir anarkistar eru einnig frábitnir siðaboðskap friðarsinna, meinlætishugsunarhætti og sjálfbirgingshætti og ljúflingsviðhorfi þeirra til heimsins. Svo ég endurtaki mig, þá eru þeir á móti hernaði en eru ekki endilega friðarsinnar.

EINSTAKLINGURINN OG SAMFÉLAG

Grunnþáttur samfélagsins er einstaklingurinn. Nær allir einstaklingar lifa í samfélagi en samfélag er ekkert annað en samansafn einstaklinga og eini tilgangur þess er að veita þeim fullnægjandi líf. Anarkistar telja fólk ekki hafa réttindi frá náttúrunnar hendi. Það á við um alla. Einstaklingur hefur engan rétt til að gera eitthvað en enginn annar einstaklingur hefur rétt til að stöðva þann einstakling í að gera eitthvað. Það er ekki um að ræða neinn almennan vilja og ekkert félagslegt viðmið sem við ættum að fylgja. Við erum jöfn en ekki einsleit. Samkeppni og samvinna, fjandsemi og friðarvilji, þröngsýni og umburðarlyndi, ofbeldi og sátt, átroðningur og uppreisn, allt eru þetta náttúrulegar myndir félagslegrar hegðunar, en sumar auka og aðrar hindra gefandi líf einstaklinga. Anarkistar trúa því að besta leiðin til að tryggja einstaklingunum gefandi líf sé að tryggja jafngilt frelsi fyrir alla meðlimi samfélagsins.

Þessvegna höfum við engan tíma fyrir siðsemi í venjulegum skilningi orðsins og við höfum ekki áhuga á hvað fólk gerir í lífi sínu. Látum hvern einstakling gera nákvæmlega það sem honum sýnist, innan marka eigin getu, svo fremi að þeir leyfi öllum öðrum að gera nákvæmlega það sem þeir vilja. Hlutir eins og klæðnaður, framkoma, málfar, mannasiðir, kunningjahópur o.s.frv. eru háðir persónulegu vali. Sama á við kynlíf. Við erum fylgjendur frjálsra ásta, en það þýðir ekki að við séum fylgjendur alheimslauslætis. Það þýðir að allt sem tengist kynlífi er frjálst, nema vændi og nauðganir og að fólk ætti sjálft að geta valið (eða hafnað) mismunandi kynhegðun eða bólfélögum. Öfgakennd nautnahyggja getur hentað einum en algert skírlífi öðrum. Þó eru flestir anarkistar sammála um að heimurinn væri betri staður ef hér hefði verið miklu minna af röfli og miklu meira af ríðingum. Sama grundvallaratriði á við hluti eins og vímugjafa. Fólk getur eittrað fyrir sér með alkóhóli eða koffíni, kannabis eða amfetamíní, tóbaki eða ópíötum og við höfum engan rétt til að hindra það, hvað þá refsa þeim þó að við gætum reynt að hjálpa þeim. Á sama hátt geta einstaklingar beðið til þeirra sem þeim hentar, svo fremi að þeir leyfi öðrum einstaklingum að biðja á sinn eigin hátt eða að tilbiðja ekki eitt eða neitt. Það skiptir ekki máli hvort einhverjum sé misboðið, það sem skiptir máli er ef fólk meiðist. Það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af mismunandi persónulegri hegðun, það sem þarf að hafa áhyggjur af er hið óhugnanlega óréttlæti samfélags þar sem valdi er misskipt.

Anarkistar hafa alltaf staðið gegn kúgun í nafni þjóðar, félagsskiptingar, kynþáttar eða kynferðis og hafa alltaf stutt hverja hreyfingu til frelsunar í nafni þjóðar, félagshóps, kynþáttar og kynferðis. En þeir eru ólíkir félögum sínum í hreyfingunum með því að telja allar myndir kúgunar verandi pólitískar í eðli sínu og sjá öll fórnarlömb kúgunar sem einstakar manneskjur frekar en hluta af þjóð, stétt, kynþætti eða kyni.

Helsti andstæðingur hins frjálsa einstaklings er hið yfirþyrmandi vald ríkisins en anarkistar eru einnig andsnúnir öllum öðrum birtingarmyndum yfirvalds sem takmarkar frelsi innan fjölskyldunnar, í skólanum, á vinnustað og í hverfinu, og standa gegn hverri tilraun til að láta einstaklinginn fylgja ákveðinni félagsmynd. En áður en farið er í hvernig skipuleggja megi samfélagið þannig að meðlimir þess njóti hvað mest frelsis, er nauðsynlegt að lýsa þeim

formum sem anarkismi hefur tekið útfrá mismunandi sjónarhornum á samskipti milli einstaklings og samfélags.

II. HVERNIG ANARKISTA GREINIR Á

Anarkistar eru frægir fyrir að vera ósammála innbyrðis og þegar fólk sem fyrst og fremst afneitar yfirvaldi, er laust við leiðtoga og embættismenn, valdapyramída og trúarreglur, refsingar og verðlaun, stefnur og áætlanir, er eðlilegt að það hneigist til varanlegs ágreinings. Samt sem áður er um að ræða nokkur stöndug form anarkisma sem flestir anarkistar hafa valið eitt úr til að túlka sitt sérstaka sjónarhorn.

Heimspækilegur Anarkismi

Frumgerð anarkisma var það sem nú er kallað heimspækilegur anarkismi. Í því sjónarhorni felst að hugmyndin um samfélag án yfirstjórnar sé heillandi en ekki sérlega eftirsóknarverð, eða eftirsóknarverð en ekki möguleg, a.m.k. ekki strax. Slíkt viðhorf er gegnumgangandi í öllum meintum anarkistaskrifum frá því fyrir 1840 og gerði sitt til að koma í veg fyrir að almennar anarkískar hreyfingar yrðu alvarleg ógnun við ríkisstjórnir. Þetta viðhorf má víða finna meðal margra sem kalla sig anarkista en halda sig utan hverskyns skipulagðra hreyfinga og einnig meðal sumra innan anarkistahreyfingarinnar. Þetta er anarkismi í huga en ekki í hjarta, fræðilegur anarkismi en ekki framtakssamur. Nokkuð oft virðist það vera nær ómeðvitað viðhorf að anarkismi, rétt eins og konungsríkið guð, sé innra með þér. Það sýnir sig fyrir eða seinna hjá sumum með innskotum eins og „Auðvitað er ég anarkisti, en...”

Virkir anarkistar hneigjast til að fyrirlíta heimspækilega anarkista og það er skiljanlegt þó að það sé óheppilegt. Svo lengi sem anarkismi er hreyfing í minnihluta, þá skapar almennur velvilji í garð hugmynda anarkista, sama hversu vægur hann er, umhverfi þar sem hlustað er á málflutning anarkista og anarkistahreyfingin fær að vaxa. Á hinn bóginn getur heimspækilegur anarkismi ýtt undir að fólk læri ekki að meta raunverulegan anarkisma en það er samt betra en að þeim sé alveg sama. Eins og heimspækilegir anarkistar eru margir sem standa okkur nærri en neita að kalla sig anarkista og einhverjir sem neita að kalla sig eitt eða neitt. Þeir hafa allir sitt hlutverk, þó ekki væri nema til að vera skilningsríkur hlustendahópur og vinna að frelsi í sínu eigin lífi.

Einstaklingshyggja, egóismi og frjálsslyndi

Fyrsta gerð anarkisma sem var meira en bara heimspækileg var einstaklingshyggja. Hún er það sjónarhorn að samfélagið sé ekki samhangandi heild heldur samsafn sjálfstæðra einstaklinga sem hafa engum skyldum að gegna við samfélagið heldur einungis hver við annan. Þetta viðhorf var til staðar löngu áður en nokkuð var til sem hét anarkismi og það hefur haldist við nokkuð fjarri honum. En einstaklingshyggjan virðist alltaf gera ráð fyrir því að allir einstaklingarnir sem mynda samfélagið ættu að vera frjálssir og jafnir og að þeir geti orðið svo einungis með eigin átaki en ekki vegna inngrípa utanaðkomandi stofnana. Öll framþróun þessa viðhorfs leiðir einstaklingshyggju beint til raunverulegs anarkisma.

Fyrsti maðurinn sem útfærði greinanlega kenningu um anarkisma – William Godwin í ritgerðinni *Enquiry Concerning Political Justice* (1793) – var einstaklingshyggjumaður. Viðbrögð hans við bæði andstæðingum og stuðningsmönnum frönsku byltingarinnar voru að setja fram forsendur fyrir þjóðfélagi án yfirstjórnar og með eins litlu skipulagi og mögulegt væri. Þar skyldu sjálfstæðir einstaklingar gjalda varhug við öllum varanlegum

tengslamyndunum. Þrátt fyrir mörg tilbrigði þá er þetta enn grundvallaratriði einstaklingshyggjuanarkisma. Þetta er anarkismi fyrir menntamenn, listafólk og sérvískupúka, fyrir fólk sem starfar með sjálfu sér og vill halda sig útaf fyrir sig. Allt frá tímum Godwin hefur hann laðað að sér þannig fólk, sérstaklega í Englandi og Norður Ameríku og þar á meðal karaktera eins og Shelley, Oscar Wilde, Ralph Waldo Emerson og Henry Thoreau, Augustus Jon og Herbert Read. Má vera að þeir hafi kallað sig eitthvað annað en einstaklingshyggjan skín alltaf í gegn.

Það er kannski misvísandi að segja einstaklingshyggju vera útgáfu af anarkisma, því hún hefur alltaf haft mikil áhrif á alla hreyfingu anarkista og hverskyns upplifun eða athugun á anarkistum sýnir að hún er enn mikilvægur þáttur í starfi þeirra eða a.m.k. meginsannfæringu þeirra. Einstaklingshyggjuanarkistar eru sem fyrr, anarkistar í grundvallarskilningi orðsins, sem vilja einfaldlega eyða yfirvaldinu og sjá enga þörf fyrir að neitt komi þar í stað. Þetta er anarkismi fyrir sjálfið, ekki sérstaklega fyrir neinn annan. Þetta er viðhorf til mannkyns sem gengur upp svo langt sem það nær, en það gengur ekki nógu langt til að glíma við hin raunverulegu vandamál samfélagsins sem auðvitað þurfa félagslegs átaks við frekar en persónulegs. Alein má vera að við björgum okkur sjálf, en þannig getum við ekki bjargað öðrum.

Öfgakenndari mynd af einstaklingshyggju er egóismi, sérstaklega í þeirri mynd sem Max Stirner setti fram í *Der Einzige und sein Eigentum* (1844), sem yfirleitt hefur verið þýtt sem *the Ego and His Own*, þó að betri túlkun væri *The Individual and his Property*. Líkt og með Marx og Freud, þá er erfitt að túlka Stirner án þess að misbjóða öllum fylgismönnum hans en kannski dugar að segja egóisma hans almennt frábrugðinn einstaklingshyggju í því að hafna hugtökum eins og siðferði, réttlæti, skuldbindingu, rökhyggju og skyldum og horfa þess í stað á það hve einstakur hver einstaklingur er í tilverunni. Auðvitað er andstaða við ríkið en einnig við samfélagið og egóismi hneigist til níhilisma (sú afstaða að ekkert skipti máli) og solipsisma (sú afstaða að einungis maður sjálfur sé til). Þetta er anarkískt en ekki á sérlega uppbyggilegan hátt þar sem litið er á hverskyns skipulag sem uppsprettu nýs kúgunaraflls nema um sé að ræða tímabundna „samstöðu egóista.“ Þetta er anarkismi fyrir skáld og flakkara, fyrir fólk sem vill skýr svör og engar tilslakanir. Þetta er anarkismi hér og nú, ef ekki í heiminum, þá í eigin lífi.

Hófsamara afsprengi einstaklingshyggju er frjálsslyndi (libertarianism). Í einfaldasta skilningi orðsins merkir þetta að frelsi sé góður hlutur. Ef við þrengjum skilgreininguna þá snýst þetta um að frelsi sé alltaf mikilvægasta markmið stjórn mála. Þannig er frjálsslyndi ekki beint sérstök útgáfa af anarkisma heldur kannski hófsamasta form hans, fyrsta stigið á leið til almenns anarkisma. Stundum er orðið frjálsslyndi notað sem samheiti eða fegrunarorð yfir anarkisma, þegar ástæða þykir til að forðast tilfinningaríkara orð, en það er almennt notað þegar átt er við að sæst sé á hugmyndir anarkista á ákveðnu sviði án þess að anarkismi sé viðurkenndur í heild sinni. Samkvæmt skilgreiningunni eru fylgjendur einstaklingshyggju frjálsslyndir, en frjálsslyndir sósíalistar eða frjálsslyndir kommúnistar eru þeir sem færa inn í sósíalisma eða kommúnisma viðurkenningu á gífurlegu mikilvægi einstaklingsins.

Samhjálp (mutualism) og bandalagsmyndun (federalism)

Sú gerð anarkisma sem birtist þegar einstaklingshyggjumenn fara að virkja hugmyndir sínar er Samhjálp (mutualism). Þetta er það sjónarhorn að samfélagið ætti að vera skipulagt af einstaklingum sem vinna saman af eigin hvötum á grundvelli jafnræðis og gagnkvæmra samskipta í stað þess að vera háðir ríkinu. Samhjálp er þáttur í hverskyns tengslum sem eru

æðri eðlisávísunum en ná ekki að vera opinber, hún er ekki endilega anarkísk, en var sögulega mikilvæg fyrir þróun anarkisma og nær allir tillögur anarkista um endurskipulagningu samfélagsins hafa verið byggðar á samhjálp.

Fyrsti maðurinn sem kallaði sig anarkista, Pierre-Joseph Proudhon í *What is Property?* (1840), var samhjálparsinni. Sem andsvar við útópískum og byltingarsinnuðum sósíalístum á fyrsta hluta nítjándu aldar, setti hann fram forsendur samfélags sem byggðist upp af samvinnuhópum frjálsra einstaklinga sem skiptust á nauðþurftum á grundvelli vinnu sinnar og deildu með sér hagnaði gegnum almenningsbanka. Þetta er anarkismi fyrir iðnaðarmenn og handverksmenn, fyrir smábændur og verslunarmenn, atvinnumenn og sérfræðinga, fyrir fólk sem er reiðubúið að vinna á sömu forsendum en standa á eigin fótum. Þrátt fyrir að Proudhon afneitaði sumum hugmynda sinna síðar átti hann sér marga fylgjendur, sérstaklega meðal sérhæfðra verkamanna og fólks af lægri miðstétt og áhrif hans voru þó nokkur í Frakklandi á seinni hluta nítjándu aldar. Samhjálpahugmyndir höfðu einnig til margra í Norður Ameríku og að nokkuð minna marki í Englandi. Síðar var þeim hampað af fólki sem hvatti til lagfæringa á gjaldmiðlakerfum, sjálfbærra samfélagsþátta eða annarskonar ráðstafana sem lofa snöggum útkomum en hafa ekki áhrif á grundvallaruppbyggingu samfélagsins. Þetta viðhorf til mannkyns gengur upp svo langt sem það nær, en það seilist ekki nógu langt til að taka fyrir þætti eins og iðnað og höfuðstól, stéttaskiptinguna sem ræður yfir þeim, eða, fyrst og fremst, ríkið.

Samhjálparstefnan er auðvitað helsta viðmið hreyfingarinnar um samvinnu, en samfélög byggð á samvinnu eru rekin eftir lýðræðislegum línum frekar en anarkískum. Í samfélagi sem skipulagt væri útfrá sannfæringu anarkískrar samhjálparstefnu væru samfélagslegar athafnir í raun í höndum samvinnuhópa án fastra framkvæmdastjóra eða kjörinna opinberra fulltrúa. Hagfræðileg samhjálparstefna væri þannig séð eins og samvinna án skrifræðis eða kapitalismi án hagnaðar.

Samhjálparstefnan útfærð landfræðilega í stað hagfræðilega verður bandalagsmyndun. Í því er horft á að samfélagið, í stærra samhengi en nánasta umhverfi, skuli stýrt af neti nefnda sem raðað er í frá ýmsum svæðum og þeim er síðan er stýrt af nefndum sem hafa umsjón með stærri svæðum. Aðalinntakið í anarkísku bandalagi er að meðlimir slíkra nefnda væru fulltrúar án nokkurs framkvæmdavalds sem alltaf má kalla tilbaka og að nefndirnar hafi ekkert vald til miðstýringar, heldur séu einungis einfalt ráðuneyti. Proudhon, sem fyrstur lýsti samhjálparstefnu, varð einnig fyrstur til að lýsa bandalagsmyndun í *The Federal Principle* (1863). Hann og fylgjendur hans voru kallaðir federalistar eins og mutualistar, sérstaklega þeir sem voru virkir í verkalýðshreyfingunni. Þannig lýstu þeir sjálfum sér aðallega sem federalístum, mennirnir sem á árum Fyrsta alþjóðafundarins og í Parísarkommúnunni settu fram hugmyndir anarkistahreyfingar samtímans.

Bandalagsmyndun getur eins verið tilbrigði við anarkisma eins og óhjákvæmilegur hluti hans. Nokkurnveginn allir anarkistar eru bandalagssinnaðir, en fæstir þeirra myndu lýsa sér sem einungis bandalagssinum. Þegar upp er staðið er bandalagsmyndun grundvallarlögmál sem er alls ekki bundið við anarkistahreyfinguna. Það er ekkert útópískt við það. Þau alþjóðakerfi sem skipuleggja lestasamgöngur, skipaferðir, loftumferð, póstdreifikerfi, skeyta- og símamál, vísindarannsóknir, neyðaraðstoð, stórslysavarnir og margar aðrar framkvæmdir á heimsvísu, eru í uppbyggingu einskonar bandalög. Anarkistar bæta því einfaldlega við að þessháttar kerfi myndu virka allt eins vel innanlands eins og þau virka milli landa. Þegar upp er staðið á þetta þegar við um meirihluta hverskyns samtaka sem skipulögð eru í sjálfböðavinnu, eða hver þau

félagasamtök og kerfi sem halda utanum þær félagslegu athafnir sem ekki eru fjárhagslega arðsamar eða pólitískt viðkvæmar.

Sameignarstefna (Collectivism), kommúnismi og syndikalismi

Sú gerð anarkisma sem gengur lengra en einstaklingshyggja og samhjálpastefna og felur í sér beina ógnun við stéttaskiptinguna og ríkið er það sem áður var kallað sameignarstefna. Hún segir að samfélagið sé hægt að endurskipuleggja einungis þegar verkamannastéttin tekur yfir stýringu efnahagsins með félagslegri byltingu, leysir upp ríkisfyrirkomulagið og endurskipuleggur framleiðsluferfin á grunni sameiginlegs eignarhalds með stjórnun í höndum samráðs vinnandi fólks. Framleiðslutæki yrðu sameign, en framleiðslunni yrði dreift samkvæmt lögmáli slagorðs sem varpað var fram af sumum franskra sósíalista árið 1840, „Hver gefur eftir getu, hver fær eftir framlagi.”

Fyrstu nútímaanarkistarnir; Bakúnínistarnir á Fyrsta þjóðafundinum, voru sameignarsinnar. Til mótvægis við umbótasinnaða mutualista og federalista og einnig gegn valdapotí Blanquista og Marxista, drógu þeir upp einfalda mynd af byltingarkenndum anarkisma; anarkisma stéttabaráttunnar og verkalýðsins, fjöldauppreisn hinna fátæku gegn hinum ríku og skjótri umbreytingu til frjáls og stéttlauss samfélags án nokkurs millitímabils einræðisríkis. Þetta er anarkismi fyrir stéttvísa verkamenn og smábændur, fyrir þau herskáu og virku í verkalýðshreyfingunni og fyrir sósíalista sem vilja frelsi sem og jafnræði.

Þessari anarkísku eða byltingarkenndu sameignarstefnu má ekki rugla saman við hina betur þekktu valdasæknu og umbótasinnuðu sameignarstefnu sósíaldemókrata eða Fabianista; sem er byggð á sameiginlegu eignarhaldi efnahagsins en einnig stjórnun ríkisins á framleiðslu og dreifingu. Að hluta til vegna hættunnar á þessum ruglingi og að hluta til vegna þess að það er hér sem anarkistar og sósíalistar ná hvað mest saman, þá er þessari gerð anarkisma betur lýst sem frjálslyndum sósíalisma, sem felur í sér ekki bara anarkista sem eru sósíalistar heldur og sósíalista sem hallast að anarkisma en eru ekki alveg anarkistar.

Sú gerð anarkisma sem birtist sé sameignarstefnan útfærð í frekari smáatriðum er kommúnismi. Þetta viðhorf segir það ekki vera nóg að framleiðslutækjum sé haldið í sameign, heldur einnig að afrakstur verkanna ætti að líta á sem sameign og þeim skuli dreifa samkvæmt lögmáli slagorðsins sem notað var af áður nefndum frönskum sósíalistum um 1840; „Hver gefur eftir getu, hver fær samkvæmt þörf.” Rök kommúnistanna eru þau að um leið og fólk hafi rétt til þess að vinna þeirra sé metin til fullnustu, sé ómögulegt að reikna út verðmæti vinnu hvers einstaklings, því verk hvers manns tengist verkum allra og ólík verk eru metin á ólíkum forsendum. Þess vegna sé það betra fyrir allt hagkerfið að vera í höndum samfélagsins í heild og að launa- og verðlagningarkerfin verði lögð af.

Nær allir leiðandi einstaklingar anarkistahreyfingarinnar við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, eins og Peter Kropotkin, Errico Malatesta, Elisé Reclus, Grave, Faure, Emma Goldman, Alexander Berkman, Rudolf Rocker o.s.frv., voru kommúnistar. Út frá sameignarstefnu og í andstöðu við Marxisma, lýstu þau háttprúðari tegund byltingarkennds anarkisma; þeim anarkisma sem inniheldur hvað best útfærða gagnrýni á nútímasamfélagið og eins tillögur fyrir framtíðarsamfélag. Þetta er anarkismi fyrir þau sem eru sátta við stéttabaráttuna en horfa á heiminn í víðara samhengi. Ef sameignarstefna er byltingarsinnaður anarkismi sem miðast við vandamál vinnustaðarins og byggir á sameign verkamanna, þá er kommúnismi byltingarsinnaður anarkismi miðaður við lífsins vandamál og byggir á samfélagi fólksins.

Síðan um 1870 hefur verið sátt um meginatriði kommúnisma meðal flestra samtaka anarkista í byltingarhug. Helsta undantekningin var hreyfingin á Spáni, sem hélt sig við grunnþætti sameignarkenninga vegna sterkra áhrifa Bakúnínista, en í reynd var lítill munur á markmiðum fólks í öðrum hreyfingum og í raun, var sá „comunismo libertario” sem komið var á í spænsku byltingunni 1936 áhrifaríkasta dæmi sögunnar um anarkó-kommúnisma.

Þessum anarkó- eða frjálslynda kommúnisma má að sjálfsögðu ekki rugla saman við hinn betur þekktu kommúnisma Marxistanna - þann kommúnisma sem er byggður á almenningsseign efnahagsins og stjórnun ríkisins á framleiðslu, dreifingu og neyslu auk einræðis flokksins. Sögulegur uppruni þess að anarkistahreyfing nútímans deildi við Marxistana á Fyrsta og öðrum alþjóðlega fundinum endurspeglast í hugmyndafræðilegri þráhyggju anarkista í tengslum við yfirvaldsmengaðan kommúnisma og ágreiningurinn eflidist vegna rússnesku og spænsku byltinganna. Af því leiðir að margir anarkistar virðast hafa kallað sig kommúnista, ekki sérstaklega vegna sterkrar sannfæringar, heldur meira til að ögra Marxistum á þeirra heimavelli og valta yfir þá í augum almennings. Mann grunar að anarkistar séu sjaldnast alvöru kommúnistar, að hluta til vegna þess að þeir eru alltaf of einstaklingssinnaðir, og að hluta til vegna þess að þeir myndu ekki vilja negla niður ítarlegar áætlanir um framtíð sem á að vera frjáls til að gera eigin ráðstafanir.

Sú gerð anarkisma sem birtist þegar sameignarstefna eða kommúnismi einblína sérstaklega á vinnustaðinn, er syndikalismi. Þar er meiningin sú að samfélagið skuli byggja á fagstéttum, það skuli vera birtingarmynd verkamannastéttarinnar og skuli endurskipulagt þannig að það nái utan um bæði iðn og umráðasvæði og að því skuli umbylt þannig að það sé í höndum almúgans svo efnahagskerfinu í heild sinni sé stýrt eftir lögmálum stjórnar verkalýðsins.

Flestir anarkó-sameignarsinnar og margir kommúnistar á nítjándu öld létu bendla sig við syndikalisma og þetta átti sérstaklega við um anarkistana á Fyrsta alþjóðafundinum. En anarkó-syndikalismi þróaðist ekki af sjálfu sér fyrr en með hreyfingu franskra syndikalista við aldarlok. (Enska orðið „syndicalism” er dregið af franska orðinu syndicalisme, sem þýðir einfaldlega „stéttarfélag”). Þegar Franska verkalýðshreyfingin skiptist í byltingarsinna og umbótasinna kringum 1890, urðu byltingarsinnaðir syndikalistar umsvifameiri og margir anarkistar gengu í lið með þeim. Sumir þeirra, eins og Fernand Pelloutier og Emile Pouget, höfðu nokkur áhrif innan hreyfingarinnar og franska syndikalistahreyfingin var kraftmikið tæki fyrir anarkismann fram að fyrri heimsstyrjöld og rússnesku byltingunni, þrátt fyrir að vera aldrei alveg anarkísk. Samtök anarkó-syndikalista voru einnig sterk í verkalýðshreyfingum Ítalíu og Rússlands stuttu eftir fyrri heimsstyrjöld, í Suður Ameríku og sérlega á Spáni allt til loka borgarastyrjaldarinnar 1939.

Þetta er anarkismi fyrir þau stéttvísustu og herskáustu í sterkri verkalýðshreyfingu. En syndikalismi er ekki endilega anarkískur og jafnvel ekki byltingarsinnaður. Í raun hafa anarkó-syndikalistar átt það til að verða valdagírugir og/eða umbótasinnaðir og það hefur reynt erfitt að halda jafnvægi milli sannfæringar frjálslyndisins og hinnar daglegu baráttu fyrir bættum launum og vinnuaðstæðum. Þetta eru ekki rök gegn anarkó-syndikalisma frekar en varnaðarorð fyrir anarkó-syndikalista. Hin raunverulegu mótrök gegn anarkó-syndikalisma og syndikalisma almennt eru að hann leggi ofuráherslu á atvinnumál og mikilvægi verkalýðsins. Stéttaskiptingin er mikilvægt pólitískt vandamál en stéttabaráttan er ekki eina pólitíska baráttumál anarkista. Syndikalismi er ásættanlegur þegar horft er á hann sem eina hlið anarkisma en ekki þegar hann skyggir á allar aðrar hliðar. Þetta er sýn á mannkyn sem gengur upp svo langt sem hún nær, en hún gengur ekki nógu langt til að glíma við lífið utan vinnustaðarins.

Munurinn er ekki svo mikill

Í raun hefur vægi þess mismunar sem er á milli ýmissa útfærslna anarkismans minnkað síðustu árin. Fyrir utan blinda fylgispekt öfgamanna í hverjum stað, þá hneigjast flestir anarkistar til að horfa á gömlu skiptingarnar sem óræðar frekar en raunverulegar, sem tilbúnar áherslubreytingar, eða orðaleiki, frekar en djúpstaðan mun á grundvallaratriðum. Raunar væri betra að líta ekki á þær sem tegundir anarkisma heldur ólíkar hliðar á anarkisma sem fara eftir áhugasviðum okkar.

einkalífínu erum við einstaklingshyggjufólk og gerum okkar hluti og veljum okkur félag og vini af persónulegum ástæðum. Félagslega erum við samhjálparsinnar þar sem við stofnum til frjálsra tengsla hvert við annað, gefum það sem eigum og fáum það sem við þurfum með því að skipta hvert við annað. Á vinnustaðnum værum við aðallega sameignarsinnar; vinnandi með félögum okkar að framleiðslu fyrir almannaheill og í stýringu vinnustaða værum við aðallega syndikalistar; hefðum samráð við félag okkar þegar teknar væru ákvarðanir um hvernig verkin skuli unnin. Stjórnmalalíf okkar væri aðallega kommúnískt, við hittum nágranna okkar til að ákveða hvernig samfélagið skuli rekið. Þetta er auðvitað einföldun, en hún veitir innsýn í hvernig anarkistar hugsa yfirleitt í dag.

III. AÐ SEM ANARKISTAR VILJA

Það er erfitt að segja til um hvað anarkistar vilja, ekki vegna mismunandi áherslna, heldur vegna þess að þeir hika við að leggja fram nákvæmar áætlanir um framtíð sem þeir hvorki geta né vilja stjórna. Þegar upp er staðið vilja anarkistar samfélag án yfirstjórnar og þannig samfélag myndi vitaskuld vera breytilegt eftir mismunandi tímum og stöðum. Aðalatriðið er að samfélagið sem anarkistar vilja er það sem meðlimir þess vilja. Því er hægt að segja til um hvað flestir anarkistar myndu vilja sjá í frjálsu samfélagi þó að alltaf verði að hafa í huga að það er engin yfirlýst stefna og að engin leið er til að samrýma öfgaáherslur einstaklingshyggju og kommúnisma.

Hinn frjálsi einstaklingur

Flestir anarkistar aðhyllast frjálslynd viðhorf gagnvart einkalífi og vilja miklu meira valfrelsi fyrir persónulega hegðun og félagsleg tengsl milli einstaklinga. En sé einstaklingurinn atóm samfélagsins þá er fjölskyldan mólikúlið og fjölskyldulífið myndi halda áfram jafnvel þó að öll þau kúgandi öfl sem ýta undir það væru fjarlægð. Samt sem áður, þó að fjölskyldan sé kannski náttúrulegt fyrirbæri, er hún ekki lengur nauðsyn. Getnaðarvarnir sem virka og skipulagning verka og vinnu hafa leyst mannkyn undan hinu þrönga vali milli einlífis og einkvænis. Þess gerist ekki þörf að þör eignist börn og börn geta alist upp með fleiri eða færri en tveimur foreldrum. Fólk getur lifað út af fyrir sig og samt átt sér kynlífsfélaga og börn eða lifað í kommúnnum án nokkurs fasts sambands eða opinbers foreldrahlutverks.

Án efa mun flest fólk halda áfram að lifa í hjónabandi í einhverri mynd og flest börn verða alin upp í fjölskylduumhverfi, hvað svo sem kemur fyrir samfélagið, en innan hvers samfélags gæti persónulegt fyrirkomulag verið af ýmsum toga. Helsta krafan er að konur séu lausar undan kúgun karla og að börn séu laus undan kúgun foreldra. Valdniðsla er engu skárri í smækkaðri mynd innan fjölskyldunnar en í stækkaðri mynd samfélagsins.

Gerræðislegar lagasetningar eða efnahagsleg samkeppni mega ekki stýra persónulegum tengslum utan fjölskyldunnar, heldur eðlislæg samheldni manneskjunnar. Næstum öll okkar

vita hvernig á að koma fram við aðrar manneskjur – eins og við viljum að þau komi fram við okkur – og sjálfsvirðing og skoðanir almennings eru mun betri leiðbeinendur en ótti og sektarkennd. Sumir andmælendur anarkisma hafa talið að siðferðileg kúgun samfélagsins yrði verri en bein kúgun ríkisins. Meiri hætta myndi þó stafa af óheftu valdapoti sveita sjálfskipaðra lögreglumanna, hengingarmúgs, ræningjaflokka eða glæpagengja, þ.e. þeirra frumstæðu ríkisforma sem koma upp á yfirborðið þegar lagabundið yfirvald hins raunverulega ríkis er af einhverjum ástæðum fjarri.

En anarkistar deila lítið um einkalífið og í þeirri umræðu eru engin alvarleg vandamál. Það er nú líka þannig að fjöldinn allur af fólki er þegar búinn að skapa sér sitt eigið fyrirkomulag, án þess að bíða eftir byltingu eða nokkru öðru. Allt sem þarf til að frelsa einstaklinginn er að losna við gamla fordóma og ná ákveðnum lífsgæðum. Hið raunverulega vandamál er frelsun samfélagsins.

Hið frjálsa samfélag

Fyrsta forgangsmál frjáls samfélags væri afnám yfirvalds og afnám eignarhalds. Í stað yfirstjórnar fastra fulltrúa og staðnaðra möppudýra á framabraut sem eru einungis háðir þessum venjulegu kosningum, vilja anarkistar samhæfingu fulltrúa með tímabundna skipun og sérfræðinga sem raunverulega er hægt að treysta. Í slíku kerfi myndu allar félagslegar athafnir sem innihalda skipulagningu líklega vera framkvæmdar af samráðshópum. Þá má tala um nefndir eða samhjálparrhópa eða sameignarrhópa eða kommúnur eða ráð eða félög eða hvað annað, titill þeirra hefur óverulega merkingu, það sem er mikilvægt er hvernig þeir virka.

Vinnustaðahópar yrðu starfandi í verksmiðjum og við smábúskap og allt upp til stærstu iðnaðar- eða landbúnaðareininga, til að sjá um framleiðslu og vöruflutning, ákveða vinnuáætlaðir og reka efnahagskerfið. Svæðahópar yrðu starfandi í hverfum eða þorpum og stærri íbúðablokkum til að sjá um málefni samfélagsins; húsnæði, gatnagerð, sorp, þægindi. Sérstakir hópar sæju um félagslegar hliðar málaflokka eins og samskipti, menningu, dægrastyttingu, eftirlit, heilsugæslu og menntun.

Ein afleiðing þess að samhæfa með frjálsri hópamyndun, frekar en tilskipunum ráðsettra valdapýramída, yrði öflug dreifing valds á bandalagshópa. Þetta má skoða sem rök gegn anarkisma en við segjum það vera rök með honum. Eitt af undarlegustu fyrirbærunum í stjórnmálahugsun samtímans er að tilveru smáþjóða er oft kennt um verstu styrjaldir sögunnar þótt sökin sé hjá fáum stórum þjóðum. Ríkisstjórnir reyna stöðugt að skapa stærri og stærri stjórnunarblokkir þó að athuganir leiði í ljós að þær litlu eru bestar. Niðurbúttun stórra stjórnmálakerfa yrði hin mesta hagræðing í kjölfar anarkisma og lönd yrðu aftur menningareiningar en þjóðir myndu hverfa.

Sá samstarfshópur sem sæi um hverskyns fjármagn og eignir myndi hafa það mikilvæga ábyrgðarhlutverk að sjá til þess að þeim væri dreift jafnt milli þeirra sem koma að málinu eða að halda utan um það og sjá til þess að nýting þess skiptist jafnt milli þeirra sem hlut eiga að máli. Anarkistar eru ekki á eitt sáttir um hvaða kerfi sé best og án efa myndu meðlimir frjáls samfélags einnig hafa mismunandi skoðanir. Það væri hlutverk fólksins í hverjum samstarfshóp að móta þær aðferðir sem beitt yrði. Það gætu verið jöfn laun fyrir alla eða laun útfra þörf eða alls engin laun. Sumir hópar myndu nota peninga í öllum skiptum, aðrir einungis fyrir stórar eða flóknar tilfærslur og sumir myndu kannski alls ekki nota þá. Vörur má kaupa, leigja eða skammta eða þær væru fríar. Virðist þessar vangaveltur fáránlega

óraunverulegar eða draumkenndar má minnst þess hve margt við eigum þegar saman og hversu margir hlutir eru nýttir án greiðslu.

Bretlandi eru nokkur stór iðnfyrirtæki í samfélagseign, einnig flug- og lestarsamgöngur, ferjur og strætisvagnar, útvarpssendingar, vatnsveitur, gas og rafmagn þó að greitt sé fyrir það, en vegir, brýr, ár, strendur, garðar, bókasöfn, leikvellir, almenningsalerni, skólar, háskólar, sjúkrahús og bráðþjónusta eru ekki bara eign almennings heldur má nota það án þess að borga. Skilgreiningarmunur þess hvað er í einkaeign og hvað er sameign, hvað má nota gegn greiðslu og hvað má nota að vild, er ansi handahófskenndur. Það virðist augljóst að við eigum að geta notað vegi og strendur án greiðslu, en málum hefur ekki alltaf verið þannig háttað og ókeypis afnot sjúkrahúsa og háskóla er eitthvað sem kom til bara á þessari öld. Á sama hátt getur það verst augljóst að við ættum að greiða fyrir almenningsamgöngur og eldsneyti, en það er ekki víst að það verði alltaf þannig og það er engin ástæða til að þetta kosti nokkuð.

Ein afleiðing jafnrar skiptingar eða frjálsrar dreifingar auðs frekar en söfnunar eigna, væri endalok þeirrar stéttaskiptingar sem byggir á eignarhaldi. En anarkistar vilja einnig binda endi á þá stéttaskiptingu sem byggir á stjórnun. Þetta myndi þýða stöðuga árvekni til að hindra vöxt skrifræðis í hverjum samstarfshóp og umfram allt myndi það þýða endurskipulagningu atvinnuvega án stéttar framkvæmdastjóra.

Vinna

Fyrsta grunnþörf hverrar manneskju er matur, skjól og klæði sem gera lífið bærilegt, næst koma þau þægindi sem gera lífið enn frekar þess virði að lifa því. Fyrsta hagfræðilega áhersluatriði hvers hóps manna er framleiðsla og dreifing hluta sem uppfylla þessar þarfir og mikilvægasta hlið samfélags, á eftir þeim persónulegu tengslum sem það byggist á, er skipulagning nauðsynlegustu verka. Anarkistar hafa tvær meginhugmyndir um vinnu. Sú fyrri er að flest verk geti verið óskemmtileg en hægt sé að skipuleggja þau þannig að þau verði þolanlegri eða jafnvel ánægjuleg. Sú seinni er að öll vinna skuli vera skipulögð af þeim sem sinna henni.

Anarkistar eru sammála Marxistum um að atvinna eins og hún er í dag skapi firringu meðal verkamanna. Atvinnan er ekki líf þeirra heldur það sem þeir gera til að geta lifað. Líf þeirra er það sem þeir gera utan vinnunnar og þegar þeir gera eitthvað sem þeir hafa ánægju af þá kalla þeir það ekki vinnu. Þetta á við um megnið af störfum flests fólks hvar sem er og það getur ekki verið annað en alltaf satt um mörg störf fyrir fjöldann allan af fólki. Hina þreytandi endurtekningu margra þeirra verka sem þarf til að plöntur vaxi og skepnur þrífist, til að færribönd og samgöngukerfi rúlli, til að fólk fái það sem það vill og losni við það sem það vill ekki, væri ekki hægt að afnema án stórkostlegs samdráttar í afkomu. Sjálfvirkni sem getur gert verkin minna þreytandi, eykur þessa endurtekningu. En anarkistar eru harðir á því að engin lausn sé að skilyrða fólk til að trúna því að aðstæðurnar séu óbreytanlegar, heldur verði að endurskipuleggja nauðsynleg verk þannig að í fyrsta lagi sé eðlilegt fyrir hvern sem er fær um að taka þátt í að sinna þeim verkum, og að enginn eigi að þurfa að eyða meira en nokkrum klukkustundum á dag í þau. Einnig verði mögulegt fyrir alla að skipta milli ólíkra leiðinlegra starfa, sem yrðu þá ekki jafn leiðinleg vegna aukinnar fjölbreytni. Þetta er ekki bara spurning um réttláta hlutdeild fyrir alla, heldur einnig um réttláta vinnu fyrir alla.

Anarkistar eru einnig sammála syndikalistum um að vinna ætti að vera skipulögð af því fólki sem vinnur verkin. Þetta þýðir ekki að verkamannastéttin, eða verkalýðsfélög eða verkamannaflokkurinn (þ.e. sá flokkur sem segist vera fulltrúar verkalýðsins), stjórn rekstri

efnahagskerfisins og hafi alla stjórn yfir atvinnu. Þetta þýðir ekki heldur sama fyrirbæri á minni mælikvarða, eins og að starfslið verksmiðju fái að kjósa sér framkvæmdastjóra eða fái að hafa auga með bókhaldinu. Það þýðir einfaldlega að að fólkið sem sér um ákveðin verk stjórnar því beint og algerlega hvað það gerir, án þess að hafa nokkra forstjóra eða framkvæmdastjóra eða eftirlitsmenn. Sumt fólk hefur kannski skipulagshæfileika og getur einbeitt sér að skipulagningu, en það þarf ekki að hafa neitt vald yfir fólkinu sem sér um hin eiginlegu verk. Sumt fólk er kannski latt og afkastar litlu, en það er það þá fyrir. Markmiðið er að hafa sem mesta mögulega stjórn yfir eigin verkum og eigin lífi.

Þetta grundvallaratriði á við öll störf; á víðavangi sem og í verksmiðjum, í stóru sem smáu, bæði þar sem ákveðinna hæfileika er krafist og þar sem þeir skipta litlu máli, bæði í drulludjobbum og sérhæfðum verkum og þetta nýtist ekki bara til að létta undir með verkafólki heldur er þetta grundvallaratriði í hverskyns frjálsu hagkerfi. Augljós andmæli gegn þessu er að alger stjórnun verkafólks myndi leiða til orkufrekrar samkeppni milli vinnustaða og framleiðslu á óþarfa. Hið augljósa svar yrði að þegar vinnufólk hefur engin afskipti af stjórnun leiði það til nákvæmlega sömu hluta. Þörf er á skynsamlegri skipulagningu og þrátt fyrir að margir haldi annað, þá er hún ekki háð meiri stjórnun að ofan heldur meiri upplýsingum að neðan - láréttum samskiptum frekar en lóðréttum.

Flestum hagfræðingum hefur verið hugleikin framleiðni frekar en neysla, þ.e. gerð hluta frekar en notkun þeirra. Fólk á bæði hægri og vinstri væng vilja að verkamenn framleiði meira, hvort sem það er til að gera þau ríku enn ríkari eða til að styrkja ríkið og afleiðingin er offramleiðsla samfara fátækt, vaxandi framleiðni með vaxandi atvinnuleysi, hærri skrifstofublokkir um leið og heimilislásum fer fjölgandi og meiri uppskera af hverjum hektara þegar fleiri hektarar eru í órækt. Anarkistum er umhuguð neysla frekar en framleiðni, þannig að hlutir nýtist til að uppfylla þarfir allra í stað þess að auka hagnað og völd þeirra ríku og vel settu.

Nauðsynjar og munaður

Samfélag sem þykist aðhyllast siðsemi getur ekki leyft misnotkun grunnþarfa. Má vera að ásættanlegt sé að munaðarvörur gangi kaupum og sölum, þar sem við getum valið hvort við notum þær eða ekki, en nauðsynjavörur eru meira en þægindi þar sem við getum ekki valið hvort við notum þær. Ef það er eitthvað sem ætti að taka af almennum markaði og úr höndum sérréttindahópa, þá er það landið sem við lifum á, maturinn sem vex á því, heimilin sem eru byggð á því og þeir nauðsynlegu hlutir sem mynda efnislegan grunn mannlífsins – klæðnaður, verkfæri, þægindi, eldsneyti o.s.frv. Það er öruggt að þegar nóg er til af einhverri þurftavöru ættu allir að geta tekið það sem þá vantar, en sé skortur, ætti að vera almenn sátt um skömmunarkerfi svo allir fái jafnan hlut. Það er á tæru að það er eitthvað að hverju því kerfi sem lætur sóun og skort þrífast hlið við hlið og þar sem sumt fólk hefur meira en það þarf um leið og annað fólk hefur minna.

Umfram allt er það á hreinu að fyrsta verkefni heilbrigðs samfélags er að útrýma skorti á nauðsynjavörum - eins og fæðuskorti í vanþróðum löndum og vöntun á húsnæði í þróaðri löndum - með rétttri notkun tæknunnáttu og auðlinda samfélagsins. Væru þeir hæfileikar og það vinnuafli sem er til staðar, til dæmis á Íslandi, nýttir réttilega þá er engin ástæða til að ekki væri hægt að rækta nægilega fæðu og byggja nógu mörg heimili til að allur íbúarnir hefðu fæði og þak yfir höfuðið.

Það er ekki þannig núna vegna þess að forgangsmál samfélagsins í dag eru önnur, ekki vegna þess að það geti ekki átt sér stað. Í eina tíð var það talið ómögulegt að hægt væri að klæða alla almennilega og fátækt fólk var alltaf í tötrum, nú er nóg til af fötum og það ætti líka að vera nóg til af öllu öðru.

Munaðarvörur eru, þó furðulegt sé, einnig nauðsynjavörur, þó þær séu ekki grunnþarfir. Annað verkefni heilbrigðs samfélags er að gera einnig munaðarvöru öllum aðgengilega, þó að í þessu tilviki gæti verið að peningar kæmu enn að gagni, svo fremi að þeim væri ekki dreift samkvæmt hinu fátæka skipulagsleysi kapitalískra ríkja, eða jafnvel enn fátækra kerfi kommúnistaríkja. Áhersluatriði hér er að allir ættu að hafa frjálsan og jafnan aðgang að munaði.

En maðurinn lifir ekki á brauði einu saman og jafnvel ekki á kökum. Anarkistar vilja ekki sjá afþreyingar- og menningarstarfsemi og aðra viðlíka starfsemi í höndum samfélagsins, ekki einusinni frjálslyndasta samfélags. Það er önnur starfsemi sem ekki er hægt að láta eftir einstaklingum í samvinnuhópum heldur verður að vera í höndum samfélagsins alls. Þetta er það sem kalla má velferðarþætti; sam hjálp sem nær lengra en til fjölskyldu og vina og út fyrir vinnustað og nágrennabyggð. Lítum nánar á þrjá þessara þátta.

Velferðarsamfélagið

Menntun er mjög mikilvæg í samfélagi manna vegna þess að við erum svo lengi að vaxa úr grasi og það tekur okkur langan tíma að læra um hluti og öðlast hæfni sem nauðsynleg er fyrir félagslíf. Anarkistar hafa látið sér mjög annt um vandamál menntunar. Margir leiðandi einstaklingar úr röðum anarkista hafa átt vel metin innlegg til kennslufræða og margir umbótasinnar í menntamálum hafa hneigst til frjálslyndis, allt frá Rousseau og Pestalozzi til Montessori og Neill. Hugmyndir manna um menntun sem áður var litið á sem draumóra eru nú eðlilegur hluti af námsskrá bæði innan sem utan ríkisrekna menntakerfisins á Íslandi og menntun er kannski sá félagsþáttur sem er hvað mest hvetjandi fyrir praktíska anarkista.

Þegar fólk segir anarkí hljóma vel en ekki geta gengið upp getum við bent á góðan skóla eða menntaskóla, eða góða leiksmiðju eða félagsmiðstöð. En jafnvel bestu menntakerfi er enn undir stjórn fólks í valdastöðu; kennara, framkvæmdastjóra, formanna, embættismanna og fleiri svipaðra. Viðbúið er að þau fullorðnu sem láta menntun skipta sig máli, komi til með að hafa einhver yfirráð, en þess gerist engin þörf að þau stjórni menntamálum, hvað þá fólk sem hefur engin bein afskipti af henni.

Anarkistar vilja að núverandi umbætur í menntamálum gangi miklu lengra. Ekki bara á að afnema strangan aga og opinberar refsingar, heldur og hverskyns aga sem komið er á og allar refsingar. Menntastofnanir eiga ekki bara að vera lausar undan utanaðkomandi yfirvaldi, heldur eiga stúdentar að vera lausir undan valdi kennara eða eftirlitsmanna. Í heilbrigðum viðhorfum til menntunar ætti sú staðreynd, að ein persóna veit meira en önnur ekki að vera átylla til að kennarinn hafi vald yfir nemanum. Staða kennara í nútímasamfélagi er byggð á aldri, styrk, reynslu og lögum. Eina staðan sem kennarar ættu að hafa væri byggð á þekkingu þeirra á viðfangsefninu og hæfileikum þeirra til að kenna það og loks á hæfileika þeirra til að vekja aðdáun og virðingu. Það vantar ekki endilega vald til stúdenta, þó það væri gagnleg leiðrétting á valdi kennara og skrifstofuþræla, heldur vantar vinnustaðastjórnun alls þess fólks sem kemur að menntastofnun. Mikilvægt er að höggva á tengslin milli kennslu og yfirráða og gera menntun frjálssa.

Slit þessara tengsla eru nokkuð nær okkur í heilbrigðisgeiranum en í menntun. Læknar eru ekki lengur töframenn og hjúkrunarfræðingar ekki dýrlingar og í mörgum löndum, þar á meðal Bretlandi, er sátt um réttinn til ókeypis heilbrigðisþjónustu. Það sem vantar er framlenging frelsislögmálsins frá hagfræðihlið heilbrigðiskerfisins til pólitískrar hliðar þess. Fólki á að geta farið á sjúkrahús án þess að borga fyrir og fólki á að geta unnið á sjúkrahúsi án nokkurs valdapýramída. Enn og aftur er það vinnustaðastýring með þátttöku allra sem koma að heilbrigðisstofnun. Alveg eins og menntun er fyrir stúdenta, þá er heilbrigðisgeirinn fyrir sjúklinga.

meðferð afbrota hefur einnig orðið mikil framþróun, en hún er enn langt frá því viðunandi. Anarkistar hafa tvær almennar hugmyndir um afbrotahegðun: Hin fyrri er að flestir hinna svokölluðu glæpamanna eru nokkurnveginn eins og annað fólk, bara fátækari, verr staddir, heimskari eða óheppnari. Hin er sú að fólk sem á meðvitaðan hátt meiðir annað fólk ætti ekki að meiða í staðinn heldur hafa undir eftirliti. Stærstu glæpamennirnir eru ekki innbrotspjófvar heldur yfirmenn, ekki glæpagengi heldur ráðamenn, ekki morðingar heldur fjöldamorðingar. Ríkið sýnir fram á nokkur minniháttar réttlætismál og refsar fyrir þau, meðan helstu óréttlætismál samfélags nútímans eru falin og raunar framin af ríkinu. Almennt skaða refsingar samfélagið meira en glæpir, þær teygja sig lengra, eru betur skipulagðar og miklu áhrifaríkari. Samt sem áður myndi jafnvel hið frjálslyndasta samfélag þurfa að verja sig gegn sumu fólki og óhjákvæmilega myndi það hafa í för með sér einhverja þvingun. En rétt meðferð við afbrotum væri hluti af mennta- og heilbrigðiskerfinu og yrði ekki stofnanabundið refsingakerfi. Síðasta úrræði yrði ekki fangelsun eða dauði, heldur brottvísun eða einstaklingurinn sniðgenginn.

Fjölbreytni

Þetta gæti snúist við. Sumir einstaklingar eða hópar gætu neitað að taka þátt eða gætu krafist þess að yfirgefa hið besta mögulega samfélag, ekkert gæti stöðvað þau. Fræðilega séð er mögulegt að við getum haldið okkur gangandi með eigin fyrirhöfn, þó að í raun værum við háð samfélaginu um ýmsa hluti og létum einhverja hluti í staðinn, því erfitt er að vera bókstaflega sjálfum sér nægur. Samfélag samhjálparsinna eða kommúnista myndi þola slík tilvik einstaklingshyggju og jafnvel hvetja til þeirra. Það sem væri óviðunandi væri ef sjálfstæðir einstaklingar reyndu að nýta sér annara vinnu með því að ráða þá í vinnu á ójöfnum kjörum eða selja vöru á óréttlátu verði. Þetta ætti ekki að gerast þar sem fólk myndi undir venjulegum kringumstæðum ekki vinna eða versla til ágóða fyrir einhvern annan aðila. Um leið og engin lög væru til að hindra eignaupptöku myndu heldur engin lög vera til að hindra að eignir væru teknar tilbaka – þú gætir tekið eitthvað frá einhverjum öðrum en þau gætu tekið það tilbaka. Einstaklingar ættu bágð með að koma aftur á yfirvaldi og eignarhaldi.

Stórhætta gæti stafað af sjálfstæðum hópum. Aðskilið samfélag gæti auðveldlega þrífist innan stærra samfélags og það gæti valdið mikilli spennu. Ef slíkt samfélag hneigðist til valdboðs og séreignar sem gæti gert það stöndugra og auðugra, gæti fólk freistast til að ganga til liðs við aðskilnaðarsinna, sérstaklega ef stórsamfélagið ætti í tímabundnum erfiðleikum.

En frjálst samfélag yrði að vera fjölbreytt og yrði að þola ekki bara minniháttar ágreiningsatriði um hvernig frelsi og jafnræði væri útfært í framkvæmd, heldur einnig meiriháttar frávík frá öllum kenningum um frelsi og jafnræði. Eina skilyrðið væri að enginn sé neyddur til að ganga slíkum afbrigðum á hönd og þar yrði einhvers konar valdtengdur þrýstingur að vera til staðar til að verja samfélag, sama hversu frjálslynt það væri. En anarkistar vilja skipta stóra samfélaginu út fyrir fjölda samfélaga sem öll lifa saman jafn frjálsl

og einstaklingarnir innan þeirra. Stærsta hættan sem steðjar að þeim frjálsum samfélögum sem komið hefur verið á fót hefur ekki verið afturför innanfrá heldur aðför utanfrá og vandamálið er ekki hvernig eigi að halda frjálsum samfélagi gangandi heldur hvernig eigi að koma því í gang í byrjun.

Bylting eða umbætur

Anarkistar áður fyrr hvöttu til vopnaðrar byltingar til að koma á fót frjálsum samfélagi en sumir hafa hafnað ofbeldi eða byltingu eða hvoru tveggja. Ofbeldi fylgir svo oft gagnofbeldi og byltingu fylgir gagnbylting. Á hinn bóginn hafa fáir anarkistar hvatt til umbóta því þeir hafa áttað sig á því að svo lengi sem kerfi valdboðs og eignarhalds er til munu yfirborðskenndar breytingar aldrei ógna grundvallarbyggingu samfélagsins. Vandamálið er að það sem anarkistar vilja er byltingarkennt, en bylting mun ekki endilega leiða til þess sem anarkistar vilja. Það er vegna þessa sem anarkistar hafa átt það til að grípa til örþrifaráða eða falla í vonlaust framtaksleysi.

I raun eru flest ágreiningsefni milli umbótasinnaðra og byltingarsinnaðra anarkista merkingarlaus, því bara gallharðasti byltingarsinni neitar að fagna umbótum og einungis mildasti umbótasinni neitar að fagna byltingum. Allir byltingarsinnar vita að verk þeirra munu almennt ekki leiða til nokkurs nema umbóta og allir umbótasinnar vita að verk þeirra leiða almennt til einhverskonar byltingar. Það sem flestir anarkistar vilja er stöðugur þrýstingur af öllum toga, sem leiðir til umbreytinga einstaklinga, myndunar hópa, lagfæringar stofnana, upprisu fólksins og eyðileggingu yfirvalds og eignarhalds. Ef þetta gæti átt sér stað án vandamála yrðum við hæstánægð, en það hefur aldrei gert það og mun líklega aldrei. Þegar upp er staðið er nauðsynlegt að ganga af bæ og standa gegn útsendurum ríkisins í hverfinu, á vinnustaðnum og á götum úti. Verði ríkið unnið er enn meiri þörf á áframhaldandi starfi til að koma í veg fyrir myndun nýs ríkis og hefja uppbyggingu frjáls samfélags í staðinn. Það er staður fyrir alla í þessu ferli og allir anarkistar finna eitthvað að gera í baráttunni fyrir því sem þeir vilja.

IV. ÞAÐ SEM ANARKISTAR GERA

Anarkistar byrja á því að hugsa og tala. Fæst fólk byrjar sem anarkistar og að verða anarkisti vill oft verða glundroðakennd reynsla sem felur í sér umtalsvert tilfinningalegt og vitsmunalegt umrót. Að vera meðvitaður anarkisti er staða sem er sífellt erfið (ekki ósvipað því að vera t.d. trúleysingi í Evrópu á miðöldum), það er erfitt að brjótast gegnum hugsanamúrinn og sannfæra fólk um að nauðsyn ríkisstjórnar (eins og tilvist guðs) er ekki sjálfsögð heldur sé rétt að ræða hana og jafnvel hafna henni. Anarkisti þarf að byggja upp nýja sýn á heiminn og nýjar leiðir til að eiga við hann, það á sér oftast stað í samræðum við annað fólk sem er anarkistar eða standa anarkisma nær, sérstaklega innan einhvers hóps vinstrisinna eða í öðru hópastarfi.

Þegar upp er staðið þá hefur jafnvel einarðasti anarkisti samskipti við fólk sem er ekki anarkistar og þau samskipti er óhjákvæmilega tækifæri til að miðla anarkískum hugmyndum. Meðal fjölskyldu og vina, heima og á vinnustaðnum munu allir anarkistar sem eru ekki algerlega heimspekilegir í sannfæringu sinni geta haft áhrif. Það er algengt en ekki algilt að anarkistar hafi minni áhyggjur en annað fólk af hlutum eins og tryggð maka sinna, hlýðni barna sinna, fylgispekt nágranna sinna eða stundvísi vinnufélaga sinna. Starfsfólk og borgarar sem eru anarkistar eru ólíkleg til að gera það sem þeim er skipað að gera og kennarar og

foreldrar sem eru anarkistar eru ólíklegri til að láta aðra gera það sem þeim er sagt. Anarkismi sem ekki birtist í einkalífinu er heldur óáreiðanlegur.

Sumir anarkistar eru sáttir við að gera upp eigin hug og halda skoðunum sínum við eigið líf, en flestir vilja ganga lengra og hafa áhrif á annað fólk. Í samræðum um félagsleg mál eða stjórnsmál munu þeir setja fram frjálslynd sjónarmið og í deilum um almenn ágreiningsmál munu þeir styðja við frjálslyndustu lausnina. En til að hafa raunveruleg áhrif er nauðsynlegt að vinna með öðrum anarkistum eða einhverskonar pólitískum hópi á varanlegri grundvelli en að ramba tilviljanakennt hvert á annað. Þetta er byrjun skipulagningar, sem leiðir til fræðslu og síðar til aðgerða.

Skipulagning og fræðsla

Anarkísk skipulagning hefst á umræðuhóp. Reynist hann lífvænlegur, þróast hann á tvo vegu; hann myndar tengsl við aðra hópa og aðgerðasviðið víkkar. Tengsl við aðra hópa geta að lokum leitt til einhvers konar bandalags sem getur samstillt aðgerðir og tekist á við stórtækari verkefni. Anarkistastarfið byrjar yfirleitt með einhvers konar áróðursstarfsemi til að koma grunnhugmyndum um sjálfan anarkismann til skila. Það eru tvær aðal leiðir til að gera þetta; miðlun í orði og miðlun í verki.

Orðið má bæði prenta og setja fram í ræðuformi. Í dag heyrst minna til ræðumanna en áður en almennir fundir, hvort sem er innandyra eða utan, eru enn góð aðferð til að ná beint til fólks. Undanfari þess að verða anarkisti er venjulega persónuleg samskipti og fundur er gott tækifæri til þess. Samfara því að halda sértæka anarkistafundi, er ágætt að mæta á annarskonar fundi til að setja fram sjónarmið anarkista, hvort sem það er með þátttöku í framgangi mála eða trufun á þeim.

Háttvísasta form hins talaða máls í dag er auðvitað útvarp og sjónvarp og anarkistar hafa af og til náð að taka þátt í einhverjum dagskrárliðum. En þessháttar útsendingar eru reyndar frekar ófullnægjandi miðill fyrir fræðslufni, því þær eru óhentugar til að koma á framfæri nýstárlegum hugmyndum og anarkismi er enn lítt þekkt hugmynd fyrir flest þeirra sem hlusta og horfa. Útsendingar henta einnig illa til að miðla róttækum pólitískum hugmyndum og anarkisma verður líklegast helst komið til skila með því að færa boðskapinn í búning frásagna. Sama á við um miðla eins og kvikmyndir og leikhús en þetta tvennt getur nýst sem afar virk áróðurstæki í réttum höndum. Almenn hafa þó anarkistar ekki getað nýtt sér þessar samskiptaleiðir jafn mikið og vonir stóðu til.

Það er sama hversu áhrifarík munnleg fræðsla getur verið þá er hið skrifaða orð nauðsynlegt til að miðla og sú leið hefur verið og er enn langalgengasta áróðursformið. Hugmyndin um samfélag án yfirvalda hefur verið til neðanjarðar öldum saman og hefur stöku sinnum komið upp á yfirborðið í róttækum fjöldahreyfingum, en henni var fyrst komið á framfæri til þúsunda manna gegnum bækur eftir rithöfunda eins og Thomas Paine, William Godwin, Pierre-Joseph Proudhon, Max Stirner og fleiri. Þegar hugmyndin náði svo að festa rætur og var sett fram af skipulögðum hópum, hófst það flæði tímarita og dreifirita sem enn er helsta samskiptaleið innan anarkistahreyfingarinnar. Sumar þessara útgáfa hafa verið mjög góðar, flestar hafa verið frekar slakar, en þær hafa allar verið mikilvægar til að tryggja það að hreyfingin hefur ekki orðið innhverf heldur haldið uppi stöðugum samskiptum við umheiminn. Aftur komum við að því að um leið og við gefum út sértæk verk anarkista er það vel þess virði að skrifa í tímarit sem ekki eru anarkísk og að skrifa bækur sem ekki eru anarkistabækur til að koma sjónarhorni anarkista inná borð lesenda sem ekki eru anarkistar.

En þó að hið mælt og hið skrifaða orð séu nauðsynleg eru þau aldrei nóg. Við getum talað og skrifað eins mikið og við viljum, en það út af fyrir sig mun aldrei leiða okkur neitt lengra. Það er nauðsynlegt að koma fræðslunni lengra áleiðis á tvo vegu; með því að velta upp ákveðnum málefnum á réttum tíma og á áhrifaríkan hátt, eða með því að ná til fólks með einhverju dramatískara en orðanotkun. Það fyrra er hvatning (agitation), hið síðarnefnda virk skilaboð (propaganda by deed).

Það er í hvatningu sem pólitísk fræði koma inn á pólitískan veruleika. Hvatning anarkista á best við þegar almenningur er sérstaklega móttækilegur fyrir hugmyndum anarkista vegna einhverskonar álags í ríkisbatteríinu; á stríðstímum, í réttindabaráttu verkafólks, í herferðum gegn kúgun eða hneykslismálum. Hvatning er þá fræðsla gerð jarðbundnari og útfærð í verki. Þegar almenn vakning er meðal almennings hefur fólk minni áhuga á almennum vangaveltum en er reiðubúið að hlusta á sérstakar tillögur. Þetta er tækifæri til að benda á, í smáatriðum, hvað sé rangt við núverandi kerfi og hvernig væri hægt að leiðrétta þau rangindi. Hvatning anarkista hefur stundum haft áhrif, sérstaklega í Frakklandi, á Spáni, á svæðum Suður-Ameríku og í Bandaríkjunum fyrir fyrri heimsstyrjöld. Í Rússlandi, á Ítalíu og í Kína eftir fyrri heimsstyrjöld og á Spáni um 1930. Einnig af og til í Englandi; um 1880, um 1940 og aftur frá 1960.

Hugmyndin um virk skilaboð er oft misskilin, bæði af anarkistum og andstæðingum þeirra. Þegar hugtakið var fyrst notað (um 1870) þýddi það mótælaaðgerðir, óeirðir og uppreisnir sem frekar var litið á sem táknrænar aðgerðir til að vekja athygli á málstaðnum. Málið var að skilaboðin væru ekki bara orðagjálfur um hvað hægt væri að gera heldur fréttir af því sem hefði verið gert. Hvorki þá né í dag er átt við ofbeldi, hvað þá launmorð, en eftir bylgju óhæfuverka sem einstaklingshyggjuanarkistar frömdu um 1890, voru virk skilaboð almennt kennd við ofbeldisverk einstakra manna og þessi ímynd hefur ekki horfið.

Fyrir flesta anarkista samtímans eru virk skilaboð líklegri til að vera laus við ofbeldi og þeir eru á móti sprengjum frekar en með þeim. Þátttaka í þeim hefur snúið aftur til upprunalegu merkingarinnar og tekur á sig önnur form; fólk fer í setuverkföll og tekur yfir skrifstofur, hrellir ræðumenn með framíköllum og leggur stund á óhefðbundin mótmæli. Virku skilaboðin þurfa ekki að vera ólögleg, þó að þau séu það oft. Borgaraleg óhlýðni er sérstök gerð af virkum skilaboðum sem felur í sér opinská og blátt áfram lögbrot til að ná athygli almennings. Mörgum anarkistum líkar ekki við hana vegna þess að hún býður upp á að þátttakendum sé refsað, það ofbýður tilfinningu anarkistans sem hefur engin sjálfviljug afskipti af yfirvöldum, en við mörg tækifæri hefur sumum anarkistum fundist hún heppilegt áróðursform.

Hvatning, sérstaklega vel heppnuð hvatning, og virk skilaboð, sérstaklega þau af ólöglegu gerðinni, ganga bæði lengra en fræðslan. Æsingamennskan hvetur til aðgerða og virk skilaboð eru aðgerðir. Það er hér sem anarkistar byrja að beita sér og þar byrjar anarkisminn að vera alvarlegt mál.

Aðgerðir

Breytingin frá því, að velta fyrir sér anarkisma til þess að virkja hann, er skipulagsbreyting. Í hinum dæmigerða umræðuhóp, sem er aðgengilegur fyrir utanaðkomandi og staðsettur þar sem yfirvöld geta haft auga með honum, geta allir meðlimir geta gert það sem þeir vilja og sleppt því sem þeir vilja ekki. Við breytinguna verður hópurinn sértækari og formlegri. Þetta er hættulegt tímabil því of stíf viðhorf leiða til þess að einhverjir verða ráðríkir og hópurinn breytist í lokaða klíku, meðan of mikill slaki leiðir til ringulreiðar og ábyrgðarleysis. Það sem

er jafnvel enn hættulegra er að þegar anarkismi verður alvarlegt mál verða anarkistar alvarleg ógnun við yfirvöld og raunverulegt áreiti hefst.

Algengasta form anarkískra aðgerða er þegar hvatning varðandi sérstakt málefni verður að þátttöku í herferð. Þetta getur verið á umbótavísu, fyrir einhverju sem myndi ekki breyta kerfinu í heild sinni eða það getur verið byltingarkennt og stefnt að breytingum á kerfinu sjálfu. Kannski er það löglegt og kannski ólöglegt eða hvort tveggja. Kannski fela aðgerðirnar í sér ofbeldi og kannski ekki. Möguleiki á árangri gæti verið einhver eða verkefnið vonlaust frá upphafi. Anarkistarnir eru hugsanlega umsvifamiklir eða jafnvel leiðandi í herferðinni eða eru kannski einn af mörgum hópum sem taka þátt. Það þarf ekki að hugsa sig um lengi til að upp í hugann komi fjöldinn allur af mögulegum aðgerðum og síðustu hundrað árin hafa anarkistar reynt þær allar. Þær aðgerðir sem anarkistar hafa verið ánægðastir með og eru algengastar meðal anarkista eru beinar aðgerðir.

Hugmyndin um beinar aðgerðar er einnig oft misskilin, bæði af anarkistum og andstæðingum þeirra. Þegar frasinn var fyrst notaður (um 1890) þýddi hann bara andstæðuna við „pólítíska-“ eða þingræðisaðgerð og frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar þýddi hann iðnaðaraðgerðir, sérstaklega verkföll, viðskiptabann og skemmdarverk sem litið var á sem undirbúning og æfingar fyrir byltingu. Málið var að aðgerðirnar komu beint að aðstæðunum og fólkinu sem átti hlut að máli og þeim var ætlað að ná árangri frekar en vekja athygli.

Þetta ætti að vera nógu skýrt en beinum aðgerðum hefur verið ruglað saman við virk skilaboð og sérstaklega við borgaralega óhlýðni. Tækni beinna aðgerða þróaðist í frönsku syndikalistahreyfingunni til mótvægis við öfgakenndari aðferðir virkra skilaboða. Í stað þess að lenda á villigötum með dramatísku en gagnslitlu fálmi varð verkalýðsmönnum ágengt með leiðinlegri en árangursríkri vinnu, það var a.m.k. kenningin. En um leið og syndikalistahreyfingin óx og lenti upp á kant við kerfið í Frakklandi, á Spáni, Ítalíu, í Bandaríkjunum og í Rússlandi, og jafnvel Bretlandi, fóru hápunktir beinna aðgerða að gegna sama hlutverki og virk skilaboð. Þá, þegar Gandhi byrjaði að lýsa því sem beinum aðgerðum sem í raun var friðsamlegt form borgaralegrar óhlýðni, fóru öll þrjú formin að taka á sig svipaða merkingu; hvaða form pólítískra aðgerða væru ólögleg eða á einhvern annan hátt fengju ekki stjórnarskrárstimpil.

Gagnvart flestum anarkistum hefur hugtakið beinar aðgerðir enn upprunalegu merkinguna. Þó að sú merking haldi sér hefur hugtakið tekið á sig nýjar eins og innbrot í herstöðvar eða yfirtöku háskólabygginga, hústökur og setuverkföll í verksmiðjum. Gagnvart anarkistum er þetta hugtak sérstaklega heillandi vegna þess hversu samkvæmt það er grundvallarkenningum frjálslyndisins og hversu samkvæmt það er sjálfu sér. Flestum formum pólítískra aðgerða af hendi einhverskonar andspyrnuhópa er aðallega ætlað að ná völdum, sumir hópar beita sér í beinum aðgerðum en um leið og þeir hafa náð völdum bæði hætta þeir því og koma í veg fyrir að nokkrir aðrir hópar geti beitt þeim. Anarkistar eru fylgjandi beinum aðgerðum á öllum tímum. Þau sjá það sem eðlilega aðgerð, aðgerð sem vex og styrkist þegar henni er beitt og sem hægt er að beita til að skapa og viðhalda frjálsu samfélagi.

En til eru anarkistar sem hafa enga trú á möguleikum þess að skapa frjálst samfélag og þeirra inngríp eru náttúrulega á skjön við annara. Svartsýnishneigðin innan anarkisma er níhilismi. Níhilismi var orðið sem Túrgénév bjó til (í skáldsögu sinni Feður og Synir) til að lýsa efahyggju og fyrirritningu ungra populistar í Rússlandi, en það tók á sig þá merkingu að afneita ekki bara gildismati ríkis eða almenns siðgæðis, heldur og samfélagi og sjálfu mannkyni.

Hinum gallharða níhílista er ekkert heilagt, ekki einusinni hann sjálfur, svo að níhilismi gengur skrefinu lengra en einarðasti egóismi.

Öfgakennt form aðgerða, innblásið af níhilisma, er terrorismi (hryðjuverk), sem þjónar sjálfum sér frekar en að hann sé sprottin af hefnd eða sé áróðurstæki. Anarkistar hafa ekki einokað hryðjuverk, en þau hafa stundum þótt við hæfi í afkimum innan hreyfingarinnar. Við þá slítandi reynslu að prédika minnihlutakenningu í samfélagi sem annaðhvort tekur því illa eða er alveg sama, getur orðið freistandi að ráðast á samfélagið líkamlega. Það breytir ekki miklu hvað varðar mótlætið en fólki stendur þó ekki á sama lengur; „þau mega hata mig, svo lengi sem þau óttast mig,“ er hugsanagangur hryðjuverkamannsins. En hafi rökstudd launmorð gefið lítið af sér þá hafa tilviljanakennd hryðjuverk einungis skemmt fyrir og það er ekki ofsagt að halda því fram að ekkert hafi unnið anarkisma meiri skaða en sá vottur af sturlunarkenndu ofbeldi sem hefur verið og er enn fylgífiskur hugmyndafræðinnar.

Annað og ásættanlegra atferli, innblásið af níhilisma, er bóhemalíf sem er varanlegt fyrirbæri þó að nafngiftir breytist í hvert skipti sem það birtist. Sumsstaðar innan anarkistahreyfingarinnar hefur þetta verið í tísku og auðvitað einnig utan hennar. Í stað þess að ráðast á samfélagið, dettur bóheminn út úr því. Þó að þeirra lífsstíll sé utan við hegðunareglur samfélagsins lifa þeir í því og á því. Mikið er bullað um þetta fyrirbæri. Þó bóhemar séu afætur þá er það fjöldinn allur af öðru fólki. Hins vegar gera þeir engum skaða nema sjálfum sér sem er ekki hægt að segja um alla aðra. Það besta sem hægt er að segja um þá er að þeir geta látið gott af sér leiða með því að hafa gaman af lífinu og ögra viðteknum gildum af oflátungshætti án þess að gera nokkurn skaða. Verst við bóhemana er að þeir geta ekki raunverulega breytt samfélaginu og geta dregið úr tilraunum til þess, en fyrir flesta anarkista er aðalmálið að breyta samfélaginu.

Uppbyggilegri leið til að detta út úr samfélaginu, sem er um leið samkvæmari sjálfri sér, er að yfirgefa það og setja upp nýtt sjálfbjarga samfélag. Stundum hefur þetta breiðst út, m.a. á miðöldum meðal heittrúaðra og á seinni tímum meðal fólks af öllu tagi, s.s. í N-Ameríku. Þetta hefur haft áhrif á anarkista, en gerir ekki mikið nú til dags. Eins og aðrir vinstrisinnnaðir hópar eru þau líklegri til að setja upp eigið óformlegt samfélag, byggt á tengslaneti milli fólks sem lifir og starfar saman innan samfélagsins. Þetta getur verið hugsað sem kjarni nýrrar samfélagsmyndar sem vex innan þeirrar gömlu eða sem lífvænlegt afdrep frá kröfum yfirvaldsins án þess að vera of öfgakennt fyrir venjulegt fólk.

Annað sem fólk gerir og byggir á svartsýnisviðhorfi til möguleikanna innan anarkisma er stöðug andspyrna (permanent protest). Samkvæmt því viðhorfi er vonlaust að það takist að breyta samfélaginu, eyðileggja ríkiskerfið og virkja anarkismann. Það er ekki framtíðin sem er mikilvæg eða að halda sig við ákveðna hugsjón og útfærslu fallegrar draumsýnar, heldur nútíðin, skilningur á bitrum veruleika og stöðug andspyrna gegn ömurlegum aðstæðum. Stöðug andspyrna er lífssýn margra fyrrverandi anarkista sem hafa ekki gefið upp sannfæringuna en eru hættir að vonast eftir árangri. Þetta á einnig við um marga virka anarkista sem viðhalda sannfæringunni og halda áfram eins og þeir vonist eftir árangri en vita, meðvitað eða ekki, að þeir muni aldrei sjá hann. Þegar litið er tilbaka má segja að það sem anarkistar hafa verið að gera síðustu hundrað árin hafi verið stöðug andspyrna, en það er sama kreddan að verki hvort sem fulllyrt er að hlutirnir muni aldrei breytast eða að hlutunum sé ætlað að breytast, og enginn getur sagt til um hvenær mótmæli fara að hafa áhrif og nútíðin breytist í framtíð. Það eina sem raunverulega skilur að er að litið er á stöðuga andspyrnu sem bakvörslu í þegar töpuðu máli, meðan flest verk anarkista eru framlínubarátta eða

skæruliðainngrip í baráttu sem vera má að við vinnum ekki og getum aldrei séð fyrir endann á en er enn baráttunnar virði.

Bestu baráttuaðferðirnar í þessari baráttu eru þær sem eru samkvæmar almennri stríðstækni þessarar baráttu fyrir frelsi og jafnræði, allt frá persónubundnum skæruhernaði til orrusta í stórtækum herferðum. Anarkistar eru nær alltaf í minnihluta, svo það er ekki þeirra að velja orrustuvöllinn heldur verða þeir að berjast hvarvetna þar sem hlutirnir eru að gerast.

Almennt séð hefur mestur árangur náðst þar sem hvatning anarkista hefur leitt til þátttöku anarkista í breiðum vinstri hreyfingum, sérstaklega innan verkalýðshreyfingarinnar, en einnig friðarhreyfingum í ríkjum sem búa sig undir stríð eða eru í stríði, hreyfingum gegn klerkastéttinni og með húmanistum í löndum kreddutrúar, þjóðfrelsinhreyfingum í baráttu við nýlenduherra, hreyfingum fyrir jafnrétti óháð kyni og kynþætti, með umbótasinum í laga- og réttarkerfinu eða fyrir mannréttindum almennt.

Þessháttar þátttaka þýðir óhjákvæmilega samstöðu með hópum sem ekki eru anarkistar og einhverja tilslökun í áherslumálum anarkista. Anarkistar sem verða mjög virkir þannig eiga alltaf á hættu að gefa anarkisma algerlega upp á bátinn. Á hinn bóginn er það yfirleitt ávísun á andleysi og kreddu að neita slíkri samvinnu algerlega og anarkistahreyfingin hefur yfirleitt ekki haft áhrif nema taka fullan þátt. Sértæk innlegg anarkista í slíkar aðstæður eru yfirleitt tvenns konar; að leggja áherslu á markmið hins frjálsa samfélags og að gera kröfu um frjálslyndar leiðir að settum markmiðum. Þetta er reyndar eitt innlegg, því mikilvægasta áhersluatriðið sem við getum komið með er ekki bara að markmiðið réttlætir ekki aðferðirnar heldur ákveða aðferðirnar niðurstöðuna; í flestum tilfellum eru aðferðirnar útkoman. Við getum verið viss um eigin aðgerðir, en ekki afleiðingarnar.

gamla daga gáfust helstu tækifærin til myndunar stöndugra hreyfinga sem hneigðust til anarkisma á tímum herskárna syndikalista í Frakklandi, Mexíkó, Kína, Rússlandi og á Spáni. Á seinni tímum hafa tækifærin verið færri í ofbeldisfullum valdaránsuppreisnum í Asíu, Afríku og S-Ameríku en hafa frekar gefist í opnari hreyfingum eins og Committee of 100 í Englandi, 22 Mars hreyfingunni í Frakklandi, SDS í Þýskalandi, Provos og Kabouters í Hollandi, Zengakuren í Japan og hinum ýmsu hreyfingum fyrir mannréttindum, gegn herkvaðningu, stúdentahreyfingum, kvenréttindahreyfingum, meðal hústökufólks og umhverfisverndarsinna í mörgum löndum vestursins. En áhrifamestu tímabilin hafa verið róttækari uppreisnir eins og þær í Ungverjalandi 1956, í Frakklandi og Tékkoslovakíu 1968, í Portúgal 1974, í Póllandi 1980 - og á Íslandi hvenær?